# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

233. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. OKTÓBER 2017





**Vísbendingar eru um að hægst hafi á vexti bílaleiga hér á landi og fer afkoma þeirra versnandi. Eftir miklar offjárfestingar í bílaleigubílum á umliðnum árum er útlit fyrir að margar leigur muni halda að sér höndum. Verð á notuðum bifreiðum gæti því lækkað í haust. Margar bílasölur eru nú þegar yfirfullar af nýlegum eða eldri ökutækjum.** Sjá Markaðinn FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK

# Björt og Viðreisn myndu hverfa af þingi

VG fengi 29 prósenta fylgi ef kosið væri nú og yrði stærsti flokkurinn. Miðflokkurinn kæmi mun fleiri mönnum á þing en Framsókn. Samfylkingin sækir í sig veðrið, en Björt framtíð og Viðreisn fengju ekki þingmenn. Sjö flokkar næðu fulltrúa á þing.

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin – grænt framboð yrði langstærsti flokkurinn á Alþingi ef kosið yrði nú, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Vinstri græn fengju tæplega 29 prósent atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn yrði næststærsti flokkurinn með rúmlega 22 prósent. Píratar og Samfylkingin yrðu nánast jafnstór, Píratar fengju rúmlega 11 prósent en Samfylkingin fengi tæplega 11 prósent.

Þá fengi Miðflokkurinn tæplega 9 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn og Flokkur fólksins væru svo álíka stórir með tæplega 6 prósenta fylgi. Viðreisn fengi 3 prósent og Björt framtíð rétt innan við 3 prósent. Í könnuninni var fólk spurt hvaða flokk það kaus í síðustu kosningum. Vísbendingar eru um að stór hluti þeirra sem kusu Bjarta framtíð í síðustu kosningum hyggist kjósa Samfylkinguna núna.

Ef þetta yrði niðurstaðan yrðu sjö flokkar með kjörna menn á Alþingi að loknum kosningum. Eina mögulega tveggja flokka stjórnin yrði mynduð af Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokknum. Björt framtíð og Viðreisn fengju ekki kjörna þingmenn, Vinstri græn fengju tuttugu þingmenn, Sjálfstæðisflokkurinn fimmtán, Píratar fengju átta þingmenn, Samfylkingin sjö og Miðflokkurinn sex þingmenn. Þá fengi Flokkur fólksins fjóra þingmenn og Framsóknarflokkurinn þrjá.

Hringt var í 1.354 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki 2. og 3. október. Svarhlutfallið var því 59,1 prósent og tók 62,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Um 9 prósent sögðust ekki kjósa eða ætla að skila auðu, 11 prósent sögðust vera óákveðin og tæplega 18 prósent svöruðu ekki spurningunni. – jhh

**Könnun 2.–3. október**







# Þurftu að keyra hringinn eftir verslunarferð

**SAMGÖNGUR** Ásdís Gunnarsdóttir frá Hofi í Öræfum ætlaði að skjótast með syni sínum í búðir á Höfn í síðustu viku en þurfti að keyra hringinn í kringum landið til að komast aftur heim. Ástæðuna má rekja til vatnavaxta á Suðausturlandi.

Ásdís segir að uppákoman hafi reynst lán í óláni því úr hafi orðið fínasta skemmtiferð. – smj / sjá 2

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson fjallar um barnaníð. 11



**SPORT** Jóhann Berg hefur trú á sigri í Tyrklandi. 12

**MENNING** Athygli er vakin á gildi barnabóka á málþingi í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. 22

**LÍFIÐ** Japanska súperstjarnan Yoshiki heimsækir Ísland seinna í þessum mánuði. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Í dag kólnar á landinu í hvassri norðanátt og fyrir norðan mun rigna talsvert á láglendi, en til fjalla mun snjóa. Sunnan- og vestanlands verður dagurinn að mestu leyti þurr og bjartur. SJÁ SÍÐU 20

# Bráðabirgðabrúin tekin í notkun



Þjóðvegur 1 verður aftur opinn allan hringinn frá og með hádegi í dag gangi áætlanir Vegagerðarinnar eftir. Smíði bráðabirgðabrúar yfir Steinavötn hefur gengið mun hraðar en fyrst var áætlað eftir að brúnni yfir ána var lokað fyrir síðustu helgi vegna gríðarlegra vatnavaxta í úrhellisrigningu. Guðrún Þóra Garðarsdóttir, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, segir að reikna megi með að varanleg brú verði tilbúin eftir um tvö ár. MYND/GUÐRÚN ÞÓRA

## Ekki fengið umönnun í meira en sex ár

**DÓMSMÁL** Fötluð 24 ára stúlka, sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn, og foreldrar hennar hafa stefnt Reykjavíkurborg og íslenska ríkinu fyrir að synja stúlkunni um húsnæðisúrræði og fullnægjandi umönnun. Í rúm sex ár hafa foreldrarnir þurft að annast stúlkuna vegna þessa. Aðalmeðferð í málinu fór fram í síðustu viku. Formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar segir að um prófmál sé að ræða.

Stúlkan hefur alla sína ævi þurft mikla aðstoð. Í stefnu málsins segir að eftir að hún varð átján ára hafi Reykjavíkurborg neitað að veita henni nauðsynlega þjónustu. Umönnun hennar hafi því lent á foreldrunum. Hefur móðir hennar af þessum sökum þurft að hætta á vinnumarkaði.

„Okkur finnst þetta mál vera ákveðinn prófsteinn á það hvort það sé í raun svo að ábyrgð á þjónustu fatlaðra barna falli alfarið úr gildi við átján ára aldur,“ segir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar.

„Ef niðurstaðan er sú að ábyrgðin við umönnun er sett algerlega á foreldra við átján ára aldur þá þarf að breyta lagarammanum,“ segir Bryndís.

Auk viðurkenningar á því að ákvörðun borgarinnar hafi verið ólögmæt krefst stúlkan tíu milljóna króna í miskabætur. Foreldrarnir krefjast skaðabóta, tæpra 30 þúsund króna fyrir hvern dag frá því að stúlkan varð átján ára. – jóe

> Okkur finnst þetta mál vera ákveðinn prófsteinn.
>
> Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar



## Hnífsstunga í Æsufelli í gær

**LÖGREGLUMÁL** Maður var fluttur á sjúkrahús eftir hnífsstungu í kjölfar átaka í Æsufelli í Breiðholti í gærkvöld. Þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð leit að gerendum yfir.

Lögreglan var með talsverðan viðbúnað vegna málsins. Í tilkynningu frá henni kemur fram að hún hafi verið kölluð til á áttunda tímanum vegna átaka í heimahúsi. Frumrannsókn stæði yfir. Enginn hefði verið handtekinn.

Leitað var í nágrenni íbúðarinnar í gærkvöld. Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti við blaðið að leit stæði yfir að grunuðum. Ekki væri unnt að gefa upp hvort um einstakling eða samverkamenn væri að ræða. Verið væri að ræða við vitni og aðra sem mögulega gætu veitt upplýsingar um málið. – jóe




# Verslunarferð breyttist í óvænta hringferð

**Ásdís Gunnarsdóttir frá Hofi í Öræfum ætlaði að skjótast með syni sínum í búðir á Höfn í síðustu viku. Þegar þau ætluðu heim var búið að loka veginum vegna vatnavaxta. Lögðu á sig um 1.300 kílómetra ferð til að komast aftur heim.**

**SAMGÖNGUR** Það sem átti að verða skottúr mæðginanna Ásdísar Gunnarsdóttur og Eyþórs Sigurðssonar í verslanir frá Hofi í Öræfum til Hafnar í Hornafirði á miðvikudag í síðustu viku endaði óvænt í um 1.300 kílómetra hringferð um landið vegna vatnavaxtanna á Suðausturlandi. Ásdís segir að uppákomuna hafi reynst lán í óláni því úr hafi orðið fínasta skemmtiferð með syninum, sem þau hefðu annars ekki farið.

„Á heimleið frá því að útrétta á Höfn komum við að Hólmsá á Mýrum þar sem vatnið var farið að flæða yfir veginn. Þar stoppuðu menn frá Vegagerðinni okkur og bönnuðu okkur að fara yfir. Samt voru bílar að koma að vestan þar sem ekki var búið að loka á umferð þaðan,“ segir Ásdís í samtali við Fréttablaðið. Eftir að að hafa beðið um stund ákváðu þau því að snúa aftur austur á Höfn. Um kvöldið fréttu þau að vegurinn yrði líklega ekki opnaður aftur fyrr en eftir nokkra daga og voru þá góð ráð dýr. Tóku þau ákvörðun um að gista hjá frændfólki á Höfn og leggja á hringveginn heim árla fimmtudags.

„Við gátum ekki verið að bíða á Höfn marga daga svo við lögðum af stað klukkan 6 næsta morgun, héldum austur og keyrðum sem leið liggur.“

Eftir stopp á Egilsstöðum var næsti viðkomustaður Mývatn og síðan haldið í einni beit til Akureyrar, þangað sem þau voru komin um hádegi. Á Sauðárkróki tóku þau eldsneyti og skoluðu af bílnum og héldu ferðalagi sínu áfram.

### Ferðalagið langa frá Hofi og heim




> Þetta endaði í skemmtiferð sem maður hefði nú sennilega ekki farið neitt fljótlega.
>
> Ásdís Gunnarsdóttir frá Hofi í Öræfum

„Svo stoppuðum við ekki fyrr en við komum til Reykjavíkur. Um kvöldið vorum við komin til dóttur minnar í Hveragerði þar sem ég gisti. Þá vorum við búin að keyra um 1.000 kílómetra frá Höfn til Hveragerðis á einum degi,“ segir Ásdís um ferðalagið mikla. Þá voru eftir um 300 kílómetrar heim að Hofi. Á þriðja degi frá því að mæðginin lögðu af stað í verslunarferð til Hafnar og rúmlega 1.300 kílómetrum síðar skiluðu þau sér loks heim að Hofi á laugardaginn. Fyrir forvitna þá segir Ásdís að matvöruna sem hún keypti á Höfn ekki hafa sakað. Hún vill því síður en svo kalla þessa löngu verslunarferð hremmingar.

„Þetta endaði í skemmtiferð sem maður hefði nú sennilega ekki farið neitt fljótlega. Það má því alveg segja að þetta hafi verið lán í óláni og endað vel.“ mikael@frettabladid.is

SMÁRALIND




ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Gististaður þar sem áður var hjúkrunarheimili á Kumbaravogi

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta lítur allt vel út,“ segir Stefán Aðalsteinsson hjá Ocean Beach Apartments sem undirbýr opnun gististaðar á Kumbaravogi. Hann segir pantanir þegar hafa verið gerðar.

Hjúkrunarheimili á Kumbaravogi var lokað fyrr á þessu ári eftir að heilbrigðisráðuneytið rifti þjónustusamningi um reksturinn vegna ágalla á húsnæðinu. Heimilisfólkinu var í kjölfarið dreift á ýmis önnur heimili víða um land.

Nú hefur Kumbaravogur fengið nýtt hlutverk og unnið er að endurbótum.

Stefán segir áætlað að opna gististaðinn í lok mánaðarins. „Það er von á fyrstu gestunum í byrjun nóvember,“ segir hann. Eldunaraðstaða og bað verður í hverju herbergi. „Gestirnir sjá um matinn sinn sjálfir. Við þjónustum aðeins gistingu og þrif.“

Á staðnum verða fimm fjögurra manna herbergi, eitt þriggja manna herbergi og sextán tveggja manna herbergi er allt verður tilbúið. „Við skiptum þessu í tvo áfanga og erum búin að taka fyrsta áfangann í gegn og fara í miklar breytingar að innan. Þetta verður í besta húsinu á staðnum sem er bygging úr steini og mjög hentug í þetta,“ segir Stefán.

Félagið að baki nýja gististaðnum er með rekstur annars staðar á Suðurlandi að sögn Stefáns, meðal annars á Hellu. – gar



**Ocean Beach Apartments hefur tekið yfir Kumbaravog.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hlutur kvenna í fjölmiðlum jókst

**FJÖLMIÐLAR** Kvenviðmælendum í fjölmiðlum fjölgar lítillega milli ára en þeir eru nú rétt rúmur þriðjungur allra viðmælenda. Þetta sýna mælingar CreditInfo á stöðu kynjanna í ljósvakamiðlum.

Könnun CreditInfo nær frá 1. september 2016 til 31. ágúst á þessu ári. Fyrst var mælingin gerð í september 2013 en þá voru þrír viðmælendur af hverjum tíu kvenkyns. Á tímabili því sem er nýlokið voru 35 prósent viðmælenda konur og hafði hlutur þeirra aukist um tvö prósentustig frá tímabilinu á undan.

„Það er einkar ánægjulegt að sjá aukningu í hlutdeild kvenna í fjölmiðlum, annað árið í röð. Þótt enn sé nokkuð í land, skiptir miklu máli að íslenskir fjölmiðlar eru að taka skref í rétta átt,“ segir Rakel Sveinsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA).

„Sömuleiðis hvetjum við konur til að stíga fram,“ segir Rakel. – jóe

## Leiðir lista hjá Samfylkingunni

**STJÓRNMÁL** Rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson leiðir lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Kraganum, í alþingiskosningum 28. október. Framboðslisti flokksins var samþykktur í gærkvöld.

Margrét Tryggvadóttir, bókmenntafræðingur og fyrrverandi þingkona, er í 2. sæti listans, Adda María Jóhannsdóttir, framhaldsskólakennari og bæjarfulltrúi, er í 3. sæti. – kk



**Guðmundur Andri Thorsson**

# Aðsókn í Frú Ragnheiði eykst stöðugt og kostnaðurinn líka

**Sífellt fleiri leita þjónustu Frú Ragnheiðar eftir hreinum sprautunálum og öðrum heilbrigðisvörum. Kostnaðurinn eykst og útlit er fyrir að hann fari tvær til þrjár milljónir fram yfir áætlanir. Ríki og Reykjavíkurborg hafa sýnt verkefninu mikinn velvilja, segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Eftirspurn eftir þjónustu Frú Ragnheiðar eykst stöðugt og er búist við að kostnaður við verkefnið í ár fari tvær til þrjár milljónir fram yfir áætlanir. Frú Ragnheiður er sérinnréttaður bíll sem þjónustar fólk í fíknivanda með skaðaminnkun að leiðarljósi.

„Það er búin að vera stöðug aukning síðustu tvö ár. Í fjölda einstaklinga sem kemur til okkar og fjölda heimsókna á hverri vakt. Fólkið er að fá meiri þjónustu hjá okkur, bæði að sækja meiri búnað og fleiri nálabox að fara út,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. Hún segir að fólk skili sífellt fleiri nálaboxum og aukinn kostnaður sé við kaup á heilbrigðisvörum.

„Verkefnið hefur því kostað okkur miklu meira síðustu eitt til tvö ár en við bjuggumst við,“ segir Svala. Ráðgert var að í ár myndi verkefnið kosta 16 til 17 milljónir en Svala segir að núna sé búist við að kostnaðurinn fari upp í 20 milljónir. Á næsta ári er reiknað með því að verkefnið fari upp í 22 milljónir.

Svala segir að þótt kostnaðurinn við verkefnið sé meiri en ráðgert var sé ekki ætlunin að hætta starfseminni. Aukin eftirspurn sé fagnaðarefni. „Skjólstæðingar okkar eru mjög ánægðir með þjónustuna. Þeir koma oftar til okkar. Það eru fleiri að koma til okkar. Þau eru að huga að ábyrgari neysluhegðun,“ segir Svala.

Frú Ragnheiður er starfandi sex sinnum í viku og Svala segir að bílinn fái um 300 heimsóknir á mánuði, en hún telur að þar á bak við séu um það bil 120 einstaklingar.

> **Það er búin að vera stöðug aukning síðustu tvö ár.**
>
> Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum



Þá rekur Frú Ragnheiður líka nálaskiptaþjónustu í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur. Þar geta konur leitað í nálaskiptaþjónustu á opnunartíma.

Rauði krossinn hefur fengið styrk frá heilbrigðisráðuneytinu til að halda úti starfsemi Frú Ragnheiðar síðustu tvö ár. Heilbrigðisráðuneytið hefur greitt sex milljónir fyrir árið 2017, lítill hluti kemur frá velviljuðum fyrirtækjum og Rauði krossinn fjármagnar afganginn. Núna er verið að sækja eftir stuðningi frá Reykjavíkurborg, því langflestir skjólstæðingarnir eru með lögheimili í Reykjavík. „Framtíðaróskin er sú að Reykjavíkurborg og ríkið fjármagni verkefnið,“ segir Svala. Hún telur að þetta geti orðið að veruleika. „Við upplifum mikla jákvæðni frá kerfinu, bæði Reykjavíkurborg og heilbrigðisráðuneytinu.“

Rauði krossinn getur tekið við fjárframlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir starfsemi Frú Ragnheiðar. jonhakon@frettabladid.is



**Kostnaðurinn við Frú Ragnheiði hefur aukist talsvert upp á síðkastið. Fólk í neyslu kann sífellt betur að meta verkefnið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ástæða skotárásarinnar mannskæðu í Las Vegas er enn óljós

**BANDARÍKIN** Lögreglan í Las Vegas hélt í gær áfram rannsókn sinni á árás Stephens Paddock á tónleikagesti í Las Vegas. Paddock myrti 59 og særði 527 í árásinni sem er sú mannskæðasta í fjölmarga áratugi í Bandaríkjunum.

Paddock, sem bróðir hans Eric lýsir sem trúlausum, ópólitískum og alls engum byssumanni, var með 23 byssur á hótelbergi sínu á Mandalay Bay hótelinu, en þaðan skaut hann niður á tónleikagesti. Þar að auki fannst fjöldi skotvopna og sprengja á heimili hans í Mesquite, Nevada. Fjöldamorðinginn var ekki á sakaskrá og lögregla hafði aldrei haft tilefni til að fylgjast með honum.

Enn sem komið er hefur lögregla ekki fundið út hvers vegna Paddock ákvað að fremja glæpinn. Engin tengsl hafa fundist við alþjóðleg hryðjuverkasamtök, þrátt fyrir að Íslamska ríkið hafi fullyrt að Paddock væri á þeirra bandi.

Nokkrir rannsakenda hafa haldið því fram að Paddock hafi lengi átt við geðræn vandamál að stríða. Samkvæmt BBC hefur þó ekkert verið staðfest í þeim efnum.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hélt því aftur á móti fram í gær að Paddock hefði verið „afar, afar veikur einstaklingur“. Hann hefði átt við mörg vandamál að stríða og yfirvöld væru að skoða málið ofan í kjölinn.

Trump vildi ekki ræða hvort stæði til að herða byssulöggjöf en eftir því hafa Demókratar og fjölmargir aðrir kallað, bæði í kjölfar þessarar árásar en einnig um árabil. „Það sem gerðist í Las Vegas var að mörgu leyti kraftaverk. Lögreglan hefur unnið svo frábært starf en við munum tala um byssulöggjöf seinna.“ – **þea**



**Borgarbúar í Las Vegas minntust fórnarlambanna í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fengu Nóbel fyrir að mæla þyngdarbylgjur

**VÍSINDI** Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði voru veitt í gær. Verðlaunahafar ársins eru þeir Rainer Weiss, Kip Thorne og Barry Barish. Munu þeir deila 117 milljóna króna verðlaunafénu með sér þannig að Weiss fær helminginn en Thorne og Barish fjórðung hvor.

Þremenningarnir eru verðlaunaðir fyrir framlag sitt til smíði á mælitækjum sem námu þyngdarbylgjur í fyrsta sinn. Mælingin markaði tímamót í stjarnvísindum en Albert Einstein spáði fyrstur fyrir um tilvist þeirra fyrir um hundrað árum í afstæðiskenningu sinni.

Olga Botner úr Sænsku vísindaakademíunni sagði á blaðamannafundinum þegar tilkynnt var um verðlaunahafa að mæling þyngdarbylgja opnaði glugga inn í alheiminn. Jafnframt biði nú fjöldi uppgötvana þeirra sem héldu rannsóknum á bylgjunum áfram. – **þea**

## Erindrekum Kúbu vísað frá Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Fimmtán kúbverskum erindrekum var í gær gert að yfirgefa Bandaríkin.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna sagði í gær að ákvörðunin hefði verið tekin vegna þess að Kúbverjum mistókst að vernda bandaríska erindreka á Kúbu fyrir dularfullum hljóðárásum.

Kúbverjarnir hafa nú viku til þess að snúa aftur til föðurlandsins. Um vika er síðan Bandaríkjamenn kölluðu erindreka sína heim frá Kúbu vegna árásarinnar en árásin dularfulla olli veikindum rúmlega 20 Bandaríkjamanna. – **þea**

# Áfram mótmælt og skellt í lás

**Verkalýðsfélög stóðu fyrir allsherjarverkfalli í Katalóníu í gær. Mikill fjöldi mótmælti spænskum yfirvöldum og áframhaldandi veru óeirðalögreglu í héraðinu. Forsætisráðherra Spánar vill að þingið haldi neyðarfund svo ræða megi stöðuna sem uppi er en héraðsstjórnin hyggst lýsa yfir sjálfstæði á næstu dögum.**

**SPÁNN** Katalónsk verkalýðsfélög stóðu fyrir allsherjarverkfalli í spænska héraðinu í gær. Var það gert til að mótmæla framkomu spænskra yfirvalda í garð Katalóna á sunnudaginn. Þá fóru fram kosningar í héraðinu um sjálfstæði þess. Spánverjar höfðu lýst kosningarnar ólöglegar og fór svo að spænska óeirðalögreglan slasaði nærri 900 Katalóna á kjördag.

Stærstu verkalýðsfélög héraðsins, CCOO og UGT, kölluðu aðgerðirnar hins vegar ekki verkfall heldur vinnustöðvun. Var það gert til þess að sveigja hjá lögum sem kveða á um að ekki megi boða til verkfalls af pólitískum ástæðum.

Stórir hópar mótmælenda söfnuðust saman í miðborg Barcelona og mótmæltu Spánverjum. „Þessar götur verða alltaf okkar,“ heyrðist hrópað. Á að minnsta kosti 24 stöðum víðs vegar um borgina lokuðu raðir mótmælenda götunum. Á Gran Via í miðborg Barcelona héldu mótmælendurnir á borða sem á stóð: „Hernámsliðið á að hypja sig.“

Mikil óánægja er með áframhaldandi veru spænsku lögreglunnar, Guardia Civil, á götum borga og bæja Katalóníu þótt kosningarnar séu afstaðnar. Söfnuðust mótmælendur til að mynda saman fyrir framan höfuðstöðvar Guardia Civil í Barcelona. Þá kom fjöldi mótmælenda einnig saman fyrir utan höfuðstöðvar spænsku ríkisstjórnarinnar í borginni.

Vegna allsherjarverkfallsins og fjölda mótmælenda á götum úti var erfitt að komast leiðar sinnar í Barcelona í gær. Almenningssamgöngur lágu niðri en leigubílstjórar störfuðu margir hverjir áfram. Þá greinir BBC frá því að um 770 matvöruverslunum hafi verið lokað. Skólar og heilbrigðisstofnanir lokuðu annaðhvort dyrum sínum eða héldu starfsemi í lágmarki.



**Mikið mannhaf mátti sjá á Háskólatorginu í Barcelona í gær og áttu margir þar erfitt með að komast leiðar sinnar. Allsherjarverkfall var í Katalóníu til að mótmæla framkomu spænskra yfirvalda síðustu daga.** NORDICPHOTOS/AFP

Spænska ríkisstjórnin er afar óánægð bæði með kosningarnar og mótmælin sem hafa fylgt í kjölfarið. Juan Ignacio Zoido, innanríkisráðherra Spánar, sagði í gær að yfirvöld myndu gera allt sem í valdi þeirra stæði til að stöðva „óþolandi áreiti“ í garð lögregluþjóna.

Filip VI Spánarkonungur ávarpaði þjóð sína í gær og sagði Katalóna hafa brotið gegn landslögum. Kallaði hann eftir samstöðu þjóðar sinnar. Carles Puidgmont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, brást við með því að segja að héraðsstjórnin hefði í hyggju að lýsa yfir sjálfstæði fyrir vikulok eða í upphafi þeirrar næstu.

**770**

**matvöruverslunum var lokað vegna verkfallsins í Barcelona.**

Mariano Rajoy forsætisráðherra hefur sagt Katalóna hæðast að lýðræðinu með því að halda kosningarnar, en níutíu prósent þeirra sem kusu völdu sjálfstæði. Kjörsókn var einungis um fjórutíu prósent.

Rajoy fundaði með leiðtogum spænsku stjórnarandstöðunnar á mánudagskvöld. Pedro Sánchez, formaður Sósíalistaflokksins, hvatti Rajoy til þess að ræða við Puigdemont sem allra fyrst. Albert Rivera, formaður Miðjuflokksins, var ekki á sama máli. Fór hann fram á að Rajoy virkjaði 155. grein stjórnarskrárinnar og svipti þar með Katalóna sjálfsstjórnarvöldum.

Í gær lýsti skrifstofa Rajoys því svo yfir að forsætisráðherrann íhugaði að kalla þingið saman á sérstakan neyðarfund til að ræða ástandið.

Evrópusambandið hefur ekkert viljað aðhafast í málinu en mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur beðið um að fá að senda sérfræðinga til héraðsins til að kanna hvort brotið hafi verið á mannréttindum Katalóna. **thorgnyr@frettabladid.is**



# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP SKEIFUNNI

### AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18

ÓFROSIÐ OG FERSKT DAGLEGA!



| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.699 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.799 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 5.599 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.599 kr/pk |
| Þindar | 399 kr/kg |
| Eistu | 599 kr/kg |
| Blóð 1 L | 199 kr/pk |
| Mör | 169 kr/kg |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Vambir 3 stk | 1.199 kr/pk |

Gildir til 21. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Skipting atvinnutekna Íslendinga

Hagstofan raðar skattgreiðendum hér á landi niður í tíu hópa eftir tekjum árið 2016. Hver litur í grafinu táknar hverja tíund og hlutfall hvers hóps af heildaratvinnutekjum Íslendinga.




*Meðalárstekjur einstaklings í einum af tekjuhópunum tíu

# Skattar á lág laun hafa hækkað mest

**Tíu prósent einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði þéna rúmlega þriðjung atvinnutekna landsmanna. Skattbyrði lægstu tíundanna hefur aukist hlutfallslega mest síðan 2013. Fjármálaráðherra bendir á að hér hafi átt sér stað mikil kaupmáttaraukning á síðustu árum.**

**SAMFÉLAG** Efstu tvær tekjutíundirnar hér á landi þéna rúmlega helming allra atvinnutekna í landinu. Laun þessara tekjuhæstu hópa hafa hækkað meira frá 2013 í prósentum en skattgreiðslur þeirra. Skattgreiðslur allra hinna hópanna hafa hækkað meira en laun þeirra.

Heildaratvinnutekjur efstu tíundar landsins, sem eru alls 20.860 einstaklingar, þénaði 383 milljarða króna á síðasta ári og hefur hækkað um 83 milljarða síðan 2013 eða 27,6 prósent. Heildarskattgreiðslur þessa hóps höfðu hækkað á sama tíma um 23,9 milljarða eða 20,6 prósent.

Sé litið til neðstu tíundanna er aðra sögu að segja þar sem skattbyrði þeirra hefur aukist meira á þessum tíma. Neðstu tvær tekjutíundirnar greiddu engan skatt árið 2013 og fengu greitt úr sameiginlegum sjóðum. Neðsta tekjutíundin greiðir hins vegar skatt nú sem og önnur tekjutíundin.

> **Aukin skattbyrði lægstu tekjuhópanna gefur til kynna að þeir séu komnir yfir skattleysismörk og því farnir að greiða til baka til samfélagsins.**
>
> Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra



### Hækkun heildarlauna og heildarskattgreiðslur með ólíkum hætti




Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, bendir á að hér hafi átt sér stað mikil kaupmáttaraukning á síðustu árum og að kaupmátturinn nú sé orðinn svipaður og fyrir hrun. „Aukin skattbyrði lægstu tekjuhópanna gefur til kynna að þeir séu komnir yfir skattleysismörk og því farnir að greiða til baka til samfélagsins,“ segir Benedikt.

Skattbyrði þriðju tekjutíundarinnar hefur hækkað á þessu tímabili um 94 prósent og fjórða tekjutíundin greiðir 62 prósentum hærri skatt en hún gerði árið 2013. Hins vegar hefur hækkun launa þessara hópa aðeins verið 37 prósent fyrir þriðju tíund og 49 prósent fyrir fjórðu tíund.

Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, segir þessar tölur sýna þá hægri stefnu sem hér hefur verið rekin síðustu ár. „Það dregur sundur með þeim sem mest hafa og þeim sem lítið hafa. Nú er mál að linni og það þarf að endurspeglast í útgjaldastefnu og skattastefnu stjórnvalda. Markmið okkar á að vera að jafna kjör hér á landi,“ segir Svandís.

Heildaratvinnutekjur landsmanna árið 2016 voru 1.122 milljarðar króna. Neðstu fjórar tíundirnar þénuðu samtals um 9 prósent af heildaratvinnutekjum þjóðarinnar.

Hafa ber í huga að hér eru allir þeir einstaklingar sem voru á vinnumarkaði árið 2016, bæði þeir sem voru í fullri vinnu og þeir sem voru í hlutastörfum eða námsmenn.

sveinn@frettabladid.is



MEIRI SAMVERA / ÞÁTTTAKA Í ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI / AUKIN FORVÖRN



## FORVARNARDAGURINN 4. OKTÓBER

# RATAR ÞÚ TIL BESSASTAÐA?

Ungt fólk fætt árin 2000–2003 getur tekið þátt í netratleik með því að svara nokkrum vel völdum spurningum sem tengjast aðildarfélögum Forvarnardagsins. Í verðlaun eru sex gjafabréf frá 66°Norður að verðmæti 50.000 kr. hvert, sem forseti Íslands afhendir sigurvegurum við athöfn á Bessastöðum.

Ratleikinn má nálgast á **www.forvarnardagur.is**

**Rannsóknir sýna að samvera er ein besta** forvörnin gegn vímuefnanotkun – ásamt þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi og því að fresta því að hefja neyslu áfengis sem lengst. Hvert ár skiptir þar máli.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 17-5124

*Forvarnardagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2006 að frumkvæði Actavis og forseta Íslands, í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskólann í Reykjavík og Rannsóknir og greiningu. Actavis hefur verið bakhjarl Forvarnardagsins frá upphafi.*

FORVARNARDAGURINN
TAKTU ÞÁTT!
HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Actavis

# Okkar ábyrgð



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Að undanförnu hafa margir stjórnmálamenn látið í veðri vaka að það sé kjósendum þung byrði að þurfa að ganga að kjörborðinu oftar en á fjögurra ára fresti. Að það sé baggi á landsmönnum að þurfa að fylgjast með stjórnmálaumræðu, móta sér skoðun, vega og meta hugmyndir, loforð og trúverðugleika þeirra sem sækjast eftir völdum. Að það sé einhverjum ímynduðum stöðugleika fyrir bestu að setið sé fast á valdastólum þrátt fyrir trúnaðar- og siðferðisbresti, auk hefðbundins dráttar á uppfyllingu kosningaloforða. Allt er þetta auðvitað af og frá.

Lýðræði og virk þátttaka í framgangi þess er engin byrði. Þvert á móti eru það mikilvæg og eftirsóknarverð mannréttindi. Mannréttindi sem okkur ber að virða með því að fylgjast með og taka þátt í umræðunni eftir því sem kostur er og taka ábyrgar og sjálfstæðar ákvarðanir út frá því. Fjölmiðlar gegna hér vissulega gríðarlega mikilvægu hlutverki og bera ábyrgð á því að umfjöllun sé vönduð og vel unnin en þó umfram allt rétt og skilmerkileg. Fjölmiðlum ber að veita stjórnmálunum og valdinu aðhald með því að veita almenningi upplýsingar og á heildina litið verður ekki annað sagt um íslenska fjölmiðla en að það hafi verið tilfellið síðustu ár.

Það þýðir samt ekki að það takist alltaf vel til og að engin mistök séu gerð. Fjárhagsleg staða frjálsra fjölmiðla, ekki aðeins á Íslandi heldur víða um heim, er erfið og því fylgir eðlilega aukið álag á fréttastofur. Það er auðvitað mál sem þarf að skoða sérstaklega en óháð því þurfa fjölmiðlar að sjálfsögðu alltaf aðhald frá almenningi. Aðhald frá fjöldanum sem er hin raunverulega undirstaða lýðræðisins og á að gera kröfu um vandaða, ábyrga og rétta umfjöllun en auðvitað um leið vega það og meta hvað skiptir máli í lýðræðislegri umræðu og hvað ekki.

Nú þegar við erum í aðdraganda kosninga er þetta sérstaklega mikilvægt og ábyrgð okkar allra mikil. Sá skammi tími sem er liðinn frá því við gengum síðast að kjörborðinu felur reyndar í sér spennandi tækifæri þar sem okkur ætti flestum að vera síðasta kosningabaráttan og stjórnartíð fráfarandi ríkisstjórnar enn í fersku minni. Í því felst tækifæri fyrir okkur sem samfélag til að þroska og þróa stjórnmálaumræðu til betri vegar og beina henni að mikilvægum málefnum fremur en mishæfum stjórnmálaforingjum. Þannig á til að mynda færni þeirra í handavinnu, bakstri, íþróttum, tónlist eða öðru slíku, þótt það sé góðra gjalda vert, ekki endilega erindi inn í þessa umræðu.

Það sem á hins vegar erindi í umræðuna er ójöfnuðurinn í samfélaginu, fjármálin, heilbrigðiskerfið, húsnæðiskerfið, málefni aldraðra, velferðin, atvinnulífið, menntun, stjórnsýsla, mannúð og menning og öll þau málefni sem ráða því hvernig samfélag við ætlum að byggja á komandi árum og áratugum. Stjórnmálahreyfingar þurfa að senda frá sér skýr skilaboð um hvaða málefni þau ætla að setja á oddinn og hvernig þær sjá fyrir sér að móta íslenskt samfélag. En stjórnmálamönnum sem treysta sér ekki til þess að setja málefnin í öndvegi, á kostnað síns persónulega ágætis, hlýtur ábyrgt lýðræði að hafna – öllum til heilla.

**Stjórnmálahreyfingar þurfa að senda frá sér skýr skilaboð um hvaða málefni þau ætla að setja á oddinn og hvernig þær sjá fyrir sér að móta íslenskt samfélag.**




## Halldór



## Frá degi til dags

**Kosningataktíkin**

**Það styttist óðum í kosningar og allir flokkarnir eru komnir á fullt í kosningabaráttunni. Og það er alveg ljóst að fólk er mishrifið af þeirri taktík sem frambjóðendur nota. Þannig hafði einn viðmælandi Fréttablaðsins á orði að VG notaði aðferð Votta Jehóva þegar þeir gengu í hús til að safna meðmælum, á tímum þegar fólk vill frið með fjölskyldunni. Sigmundur Davíð hótar fjölmiðlum málssókn, sem flesta rennur í grun að aldrei verði neitt af. Og Bjarni Benediktsson birtir mynd af sér í kökubakstri fyrir afmæli dótturinnar. Má blessuð stúlkan ekki bara eiga kökuna sína í friði fyrir kjósendum?**

**Óskir til Brynjars**

**Það eru reyndar ekki bara kjósendur sem velta kosningataktíkinni fyrir sér. Frambjóðendur sjálfir staldra við. „Ég hef verið beðinn um að tjá mig sem minnst fyrir komandi átök og mín helstu verkefni í kosningabaráttunni verða nú kökubakstur og skreytingar. Jafnframt hefur verið óskað eftir því að ég pósti gömlum nektarmyndum af mér, helst fótósjoppuðum,“ sagði Brynjar Níelsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins á Facebook. Við tökum að sjálfsögðu ekki undir slíkar óskir.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Græn framtíð

2017



Björt Ólafsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra

Náttúra Íslands er undirstaða og vörumerki okkar helstu atvinnugreina. Ferðaþjónustan, landbúnaðurinn, orkuiðnaðurinn og sjávarútvegurinn nýta sér íslenska náttúru til að markaðssetja vörur sínar. Þannig nefna yfir 80% ferðamanna náttúru landsins sem helstu ástæðu heimsóknar sinnar svo ljóst er að aðdráttarafl hennar er undirstaða þeirrar hagsældar sem ríkt hefur undanfarin ár.

Náttúran hefur eigið gildi og vernd hennar óháð tengslum við manninn og umhverfi hans er mjög mikilvæg. En í ljósi ofangreinds er náttúruvernd líka mikilvægasta efnahagsmálið. Á sama hátt og sjávarauðlindin okkar er nýtt á sjálfbæran hátt og ofveiði fyrirbyggð þá eru íslenskir fossar, víðerni, jarðhitasvæði og önnur séreinkenni íslensks landslags líka viðkvæm auðlind sem þolir illa mikið álag. Því er nauðsynlegt að við umgöngumst þessa auðlind af virðingu.

Þess vegna er líka mikilvægt að við mótum okkur framtíðarsýn um þessi mál samfélaginu til góða. Náttúruvernd í orði en ekki á borði, sem eingöngu er hampað á hátíðisdögum, er ekki nægjanleg. Þau sem tala þannig átta sig ekki á tækifærunum sem felast í að nýta umhverfisvernd samfélaginu til góða.

Hitaveituvæðing Íslands er oft nefnd sem dæmi um framsækni landsins í umhverfismálum. Hún er upplagt dæmi um góða framtíðarsýn. Nú stöndum við aftur á þeim tímamótum að þurfa að móta okkur framtíðarsýn sem getur nýst okkur jafn farsællega.

Þar er sýn Bjartrar framtíðar mjög skýr. Við segjum nei við olíuleit og stöndum með þeirri ákvörðun – ekki bara þegar það hentar. Við stöndum gegn mengandi stóriðju og sóun á orku og teljum að það eigi að fara betur með þá orku sem þegar er framleidd og nýta hana beint í græn og sjálfbær verkefni. Við fögnum fiskeldi en eingöngu í lokuðum kvíum sem ógna ekki villta laxinum okkar né vistkerfum íslenskra fjarða. Við viljum þjóðgarð á miðhálendinu til verndar því einstaka svæði, vörumerki hreinleika Íslands. Ef við látum verkin tala í umhverfismálum á Íslandi eins og Björt framtíð hefur gert, þá mun náttúra Íslands ýta undir enn frekari hagsæld.

**Ef við látum verkin tala í umhverfismálum á Íslandi eins og Björt framtíð hefur gert, þá mun náttúra Íslands ýta undir enn frekari hagsæld.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekkert annað skiptir raunverulega máli



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Stundum er það kýrskýrt að við sem þjóð meinum ekki endilega það sem við segjum í þeim lögum og reglum sem við notum til þess að stjórna samfélaginu eða að okkur er í það minnsta þvert um geð að fylgja þeim. Hér á ég ekki við þá augljósu staðreynd að það koma augnablik í lífi flestra að þeim finnst eins og það væri hentugt að reglurnar giltu um hegðun allra annarra en þeirra sjálfra. Ég er að tala um sögulegar stundir þegar sá samnefnari sem við köllum þjóð á erfitt með að sætta sig við reglur sem hún hefur sett sér sjálf.

Gott dæmi um þetta má finna í nýlegri umræðu um barnaníðinga tvo og æruleysi þeirra sem leiddi til þess að ríkisstjórn Lýðveldisins hrökklaðist frá völdum. Umræðan sýnir fram á svo ekki verður um villst að þjóðinni finnst ósanngjarnt að refsingu þeirra hafi verið lokið þegar þeim var sleppt úr fangelsi. Það sem meira er, henni finnst eins og þeir sem hafa léð nafn sitt við þá skoðun hafi með því framið glæp sem jafnist næstum á við þá sem framdir voru af níðingunum sjálfum.

Eitt af því sem gerir þessa umræðu athyglisverða er að þeir sem gjarnan tjá sig sem fulltrúar frjálsræðis, umburðarlyndis og mildi í samfélaginu eru þeir sem virðist mest í mun að láta skúrkana tvo brenna í helvíti áframhaldandi refsingar. Það liggur við að það megi lesa út úr orðum þeirra að þeim hefði fundist dauðarefsing við hæfi í málum níðinganna. Ég verð líka að viðurkenna að þegar ég velti því fyrir mér um daginn hvað ég hefði gert ef níðingarnir hefðu veist að afkomanda mínum þá var ég handviss um að ég hefði drepið þá með berum höndunum. Glæpir þessara manna eru svo ólýsanlegir, óásættanlegir, ógeðslegir og framdir gegn því sem við eigum fallegast, saklausast og dýrmætast á jörðu hér, börnum. Glæpir þeirra eru þess eðlis að þeir æra ekki bara óstöðuga, þeir æra okkur öll.

Ég held að okkur standi ekki annað til boða en að breyta lögum og reglum sem lúta að því hvernig við sem þjóð förum með barnaníðinga. Núgildandi reglur senda röng skilaboð í allar áttir. Þær gefa það í skyn að samfélagið geti að vissu leyti fyrirgefið níðingunum eftir að þeir eru búnir að afplána skamma fangelsisvist. Er nema von að sómakært fólk hafi stutt með bréfum þá tillögu að einstakir meðlimir í stéttarfélagi barnaníðinga gætu endurheimt ákveðin mannréttindi. Lög og reglur og hefð gáfu þeim fulla ástæðu til þess að ætla að þjóðin væri reiðubúin til þess að fyrirgefa þessum óþverrum og það er óheppilegt að pólitískir hugsjónamenn skuli eyða púðri í að áfellast það fyrir þetta vegna þess að það dregur athyglina frá aðalatriðinu sem eru fórnarlömb níðinganna sem þarf að hlúa að og börn almennt sem þarf að verja fyrir þeim. Ekkert annað skiptir raunverulega máli. Það er líka alrangt að það hafi verið gerð sérstök tilraun til þess að leyna nöfnum þeirra sem studdu til mannréttinda níðingana tvo sem hafa verið í umræðunni upp á síðkastið. Það var farið með þeirra mál á þann máta sem tíðkast hefur um langan tíma. Sá máti er að vísu ekkert sérstaklega viðeigandi. Leyndarhyggjan sem skiptir máli er sú sem umlykur sakaskrána sem er ekki lengur opinbert plagg sem við getum notað til þess að taka ákvörðun um það hvort við eða börnin okkar umgöngumst þá sem hafa brotið gegn öðrum börnum, barið fólk og limlest eða hagað sér á annan þann máta að það er ekki á þá hundum sigandi.

Þegar við breytum lögum og reglum sem lúta að barnaníðingum er vert að hafa eftirfarandi í huga:

Rannsóknir sýna að fórnarlömb barnaníðinga eru 25 sinnum líklegri til þess að þjást af alvarlegu þunglyndi um ævi sína alla en þeir sem hafa ekki lent í klónum á þessum óþverrum. Þau eru því margfalt líklegri til þess að finnast líf sitt ekki þess virði að lifa því og fremja sjálfsmorð. Það er því harla lítið réttlæti í því fyrir fórnarlömbin að dæma níðinga í fjögurra ára

> Glæpir þessara manna eru svo ólýsanlegir, óásættanlegir, ógeðslegir og framdir gegn því sem við eigum fallegast, saklausast og dýrmætast á jörðu hér, börnum.

fangelsi, sleppa þeim síðan út eftir tvö ár vegna þess að þeir hafi hagað sér svo vel innan veggja þar sem eru engin börn.

Rannsóknir sýna líka að þeir sem þjást af fíkn í börn læknast ekki, aldrei. Börnum stafar því alltaf hætta af þeim sem hafa leitað á börn. Það verður því að hafa í huga að þegar níðingunum er sleppt úr haldi er verið að taka áhættu á kostnað barna og við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að sú hætta verði ekki að lífstíðarlemstrun á saklausri barnssál.

Glæpur barnaníðingsins er ekki bara glæpur gegn einstöku fórnarlambi þótt hann sé stærstur þar, hann er líka glæpur gegn okkur sem samfélagi og hefur áhrif á afstöðu okkar til mikilvægra þátta í mannlegu eðli eins og fyrirgefningarinnar. Það er vont að sitja uppi með þá vissu að það sé ekki alltaf hægt að fyrirgefa en ég fæ hreinlega ekki séð ástæðu til þess að fyrirgefa níðingnum, nokkurn tíma.

Mér fyndist í samræmi við þá afstöðu sem þjóðin hefur tjáð upp á síðkastið að barnaníðingar yrðu aldrei dæmdir til skemmri fangelsisvistar en sextán ára og að henni lokinni yrðu þeir skyldaðir til þess að ganga um þannig merktir að það færi ekki fram hjá nokkru barni. Það er að vísu bæði frumstætt og ljótt að brennimerkja menn en það vegur ekki þungt í mínum huga miðað við hættuna á frekari glæpum þeirra gegn börnum. Í því sambandi ber að hafa í huga að níðingurinn gerir gjarnan ýmislegt til þess að villa á sér heimildir að fangelsisvist lokinni eins og að breyta um nafn.

Umræðan um níðingana tvo hefur ekki að öllu leyti verið slæm vegna þess að í henni hefur birst væntumþykja fyrir barninu í þjóðinni allri, barninu sem er og barninu sem var. Umræðan ætti líka að vera okkur tækifæri til þess að beina sjónum að öðru því sem bjátar á hjá börnum á Íslandi og við höfum tækifæri til þess að laga. Okkur er sagt að það búi sex þúsund börn á Íslandi undir fátæktarmörkum. Rétt handan við hornið eru þingkosningar og hlutverk okkar kjósenda er að krefjast þess að betur verði hlúð að leikskólum og gunnskólum landsins til þess að þeir geti staðið sig sómasamlega í að veita þeim fátæku tækifæri til jafns á við önnur börn. Æran okkar allra er að veði.

# Eina kerfið sem veit best



Pawel Bartoszek
alþingismaður

Ég hef lesið margar greinar á ákveðnum hægrisíðum þar sem kerfinu er bölvað. Í greinunum kemur fyrir vondur embættismaður sem, umboðslaus, stöðvar allar framfarir og gerir venjulegu fólki lífið leitt. Embættismaður á Samgöngustofu neitar bátum um leyfi til að flytja fólk á Þjóðhátíð. Skriffinnar hjá Umhverfisstofnun tefja einhverjar atvinnuskapandi framkvæmdir. Jafnréttisstofa ofsækir heiðvirð fyrirtæki og Samkeppnisstofnun leggst gegn sjálfsagðri hagræðingu í rekstri. Kerfið að henda skrúfjárni í gangverk framfara. Vonda kerfið!

„Faglegar ráðningar“ eru helst ekki nefndar nema innan gæsalappa. Þegar kerfið leggur til dómara að loknu ákveðnu ferli þá má ekki eftirláta kerfinu einu það vald. Nei, stjórnmálamaðurinn hefur umboðið. Hann hefur ábyrgðina og þar með valdið. Það er eðlilegt að hann ráði þessu. Því að við vitum að „fagmenn“ eru innst inni bara fólk. Það þýðir ekki að treysta í blindni á kerfið.

En í einum málaflokki er kerfið frábært. Það eru útlendingamálin. Þar verður kerfið að fá að stjórna. Ef menn draga niðurstöður kerfisins í efa þá eru menn að ráðast á fagfólkið. Ef menn vilja breyta þeim reglum sem kerfið starfar eftir þá eru menn að ráðast á kerfið. Ef menn fylgja ekki ráðleggingum embættismanna þá eru menn í afneitun. Ef menn bregðast við fréttaflutningi og vilja kafa ofan í einstök mál þá eru menn að grafa undan kerfinu.

> En í einum málaflokki er kerfið frábært. Það eru útlendingamálin. Þar verður kerfið að fá að stjórna. Ef menn draga niðurstöður kerfisins í efa þá eru menn að ráðast á fagfólkið. Ef menn vilja breyta þeim reglum sem kerfið starfar eftir þá eru menn að ráðast á kerfið.

Tilraunir til að setja sig á móti niðurstöðum kerfisins, útlendingakerfisins, eru uppnefndar sem geðþóttaákvarðanir. Geðþóttaákvarðanir sem drifnar eru áfram á tilfinningum og barnslegri linkind. Tilraunum til að hnekkja á niðurstöðum annarra kerfa er aldrei andmælt með þessum hætti.

Að lokum, eitt dæmi um þessa kerfisdýrkun: Í dag fá flestir ríkisborgararétt gegnum Útlendingastofnun. Enn er þó er glufa sem heimilar Alþingi að veita íslenskan ríkisborgararétt þeim sem uppfylla ekki skilyrði laganna. Þetta er heimild sem er nýtt í undantekningartilfellum. Þessari glufu vill sumt fólk loka. Því í þessum málaflokki þá verða lögin bara að gilda, punktur. Í þessum málaflokki vita fagmennirnir best. Í þessum málaflokki verður allt vald að vera hjá kerfinu.







FRÉTTABLAÐIÐ SPORT



Víðir Reynisson passar upp á íslenska hópinn í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

# Strákarnir okkar eru í öruggum höndum

**FÓTBOLTI** Öryggi er kannski ekki beint fyrsta orðið sem margir tengja við Tyrkland eftir valdarán og hryðjuverkatilraunir þar undanfarin misseri en það virðist enginn þurfa að óttast of mikið um strákana okkar. Þeir eru í öruggum höndum.

Lögreglumenn fylgja íslenska liðinu og svo er lögreglan með sólarhringsvakt fyrir utan hótelið eins og á flestum öðrum hótelum í Belek-hluta Antalya sem er mikill ferðamannastaður.

„Mönnum hérna er svo rosalega annt um orðsporið sitt að þeir passa að ekkert komi hér upp á. Hér koma stór félagslið og önnur landslið reglulega þannig að vel er passað upp á alla,“ segir Víðir Reynisson, öryggisstjóri íslenska hópsins í Tyrklandi.

Strákarnir fljúga til Eskisehir á miðvikudagskvöldið þar sem önnur lögregla tekur við íslenska liðinu en Víðir óttast ekkert þar enda borgin með þeim framsæknari í Tyrklandi.

„Þetta er mjög frjálslynd háskólaborg. Það verður hugsað mjög vel um okkur þar líka. Tyrkirnir eru í mestu veseni bara með sitt fólk þegar á leik stendur en við erum í góðum málum,“ segir Víðir Reynisson. **– tom**






# Viljum stærri hluti

**Strákarnir okkar í íslenska landsliðinu í fótbolta geta að minnsta kosti tryggt sér sæti í umspili um sæti á HM 2018 með sigri í næstu tveimur leikjum. Næsta hindrun á leiðinni til Rússlands eru Tyrkir.**


Skrifar frá **Antalya**



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is


**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska karlalandsliðinu í fótbolta æfðu í fyrsta sinn sem hópur í Antalya í Tyrklandi í gær við frábærar aðstæður. Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði er enn þá mjög tæpur fyrir leikinn vegna meiðsla í rassvöðva og þá yfirgaf Hannes Þór Halldórsson, markvörður liðsins, æfinguna ansi snemma.

Allir aðrir eru klárir í slaginn og á meðal þeirra er vængmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson sem hefur verið einn besti leikmaður Íslands í undankeppninni. Þessi leikmaður Burnley í ensku úrvalsdeildinni óttast ekki Tyrki þó að hann beri vitaskuld virðingu fyrir gæðum liðsins og þessum erfiða útivelli þar sem heimamenn tapa helst ekki leik.

„Ef við ætlum beint á HM þá þurfum við að vinna þessa tvo leiki. Það er alveg klárt. Þetta er erfiður útileikur sem við erum að fara í en við vitum svo sem að við getum unnið þetta lið. Það er samt eiginlega ekki hægt að bera þá saman á heimavelli og útivelli þannig að þetta verður erfitt. Við höfum samt fulla trú á því að við getum unnið þetta lið,“ segir Jóhann Berg.



Jóhann Berg Guðmundsson á ferðinni með liði sínu Burnley.

### Gátum ekki neitt

Kantmaðurinn úr Kópavogi fer ekkert í felur með skoðun sína beðinn um að horfa um öxl og fara yfir muninn á frammistöðunni á móti Finnlandi og svo Úkraínu en tapið gegn Finnum gæti reynst dýrkeypt.

„Fótbolti er bara svona. Við gátum ekki neitt á móti Finnlandi, það verður bara að segjast alveg eins og er. Þrátt fyrir það áttum við að skora og ná að minnsta kosti í jafntefli,“ segir Jóhann Berg en strákarnir svöruðu fyrir þá frammistöðu með frábærum leik og enn betri sigri á móti Úkraínu.

„Við ákváðum því bara að mæta dýrvitlausir til leiks á móti Úkraínu og sýndum hvers megnugir við erum.“

### Hungrið til staðar

Ef einhver óttaðist um að strákarnir væru orðnir kærulausir eða saddir eftir frammistöðuna á móti Finnlandi voru þeir fljótir að skrúfa fyrir það rugl með sigrinum gegn Úkraínu. Í heildina hefur liðið spilað mjög vel í erfiðum riðli og stendur nú á barmi þess að komast að minnsta kosti í umspil um sæti á HM 2018 í Rússlandi.

„Það voru eflaust margir sem hugsuðu eftir EM að þetta væri nú bara komið hjá þessu liði og allir væru orðnir saddir. Það góða er að HM er enn stærra en EM og við viljum fara á eitthvað enn þá stærra,“ segir Jóhann Berg.

„Það hefur líka sýnt sig í þessari keppni. Við erum í góðri stöðu í erfiðasta riðlinum en fjögur lið í þessum riðli voru á EM. Það verður bara að segjast eins og er að við höfum gert vel en við erum ekki saddir og ætlum okkur á HM.“




# Erfitt fyrir Rúnar að segja nei við KR

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson er tekinn við KR á nýjan leik. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið.

Rúnar er öllum hnútum kunnugur hjá KR. Hann spilaði með liðinu á árunum 1987-94 og 2007 og þjálfaði það svo með frábærum árangri á árunum 2010-14. Á þeim tíma varð KR tvisvar Íslandsmeistari og þrisvar bikarmeistari. KR vann titil á fjórum síðustu tímabilum Rúnars með liðið en síðan þá hefur KR ekki unnið stóran titil.

Rúnar tekur við þjálfarastarfinu hjá KR af Willum Þór Þórssyni. Undir stjórn Willums endaði KR í 4. sæti Pepsi-deildar karla í sumar og komst ekki í Evrópukeppni í fyrsta sinn í áratug.

„Við vitum allir hvað KR stendur fyrir. KR vill alltaf vera í toppbaráttu. Félagið gekk í gegnum erfitt ár sem við þurfum að snúa við og breyta. Við þurfum að koma KR aftur í Evrópukeppni, reyna að bæta árangurinn frá því í sumar og stefna hærra," sagði Rúnar sem var látinn taka pokann sinn hjá Lokeren í ágúst. Þar áður stýrði hann Lilleström í Noregi. Rúnar segir að það hafi tekið sig tíma að ákveða næstu skref hjá sér en á endanum hafi það verið erfitt að hafna sínu félagi.

„Það voru ýmsir möguleikar í stöðunni en á endanum er erfitt að segja nei við KR. Þetta er mitt uppeldisfélag. Auðvitað þurfti ég umhugsunartíma en á endanum valdi ég að koma aftur til KR," sagði Rúnar Kristinsson. – iþs



Rúnar Kristinsson er aftur kominn heim í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fleiri svona gætu verið á leiðinni í Keflavík í vetur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Keflavík og KR verja titlana

**KÖRFUBOLTI** KKÍ kynnti árlega spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna um lokaröðina í Domino's-deildum karla og kvenna í körfubolta.

Karlalið KR og kvennalið Keflavíkur unnu bæði tvöfalt á síðasta tímabili og báðum liðum er spáð Íslandsmeistaratitlunum aftur.

Keflavíkurkonur fengu algjöra yfirburðakosningu í Domino's-deild kvenna en KR-karlar höfðu betur í spánni í karladeildinni eftir hörkukeppni frá Tindastól.

Snæfell kemst ekki í úrslitakeppnina kvennamegin frekar en Stjarnan og í staðinn fara þangað lið Hauka og Vals sem komust ekki í úrslitakeppnina síðasta vor.

Njarðvíkingar komast ekki bara í úrslitakeppnina á ný í karladeildinni heldur ná þeir líka heimavallarrétti samkvæmt spánni. Grindavík verður í þriðja sæti en Haukarnir missa af úrslitakeppninni annað árið í röð.

Höttur og Þór Akureyri falla í 1. deild karla samkvæmt spánni en upp í staðinn koma Skallagrímur og Breiðablik.

Njarðvík fellur úr Domino's-deild kvenna en KR kemur upp í deildina í staðinn. – óój

## Spáin í Domino's deild kvenna 2017-18:

| | |
|---|---|
| 1. Keflavík | 188 stig |
| 2. Haukar | 144 stig |
| 3. Valur | 130 stig |
| 4. Skallagrímur | 129 stig |
| 5. Snæfell | 105 stig |
| 6. Stjarnan | 83 stig |
| 7. Breiðablik | 43 stig |
| 8. Njarðvík | 41 stig |

## Spáin í Domino's deild karla 2017-18:

| | |
|---|---|
| 1. KR | 414 stig |
| 2. Tindastóll | 403 stig |
| 3. Grindavík | 319 stig |
| 4. Njarðvík | 267 stig |
| 5. Stjarnan | 266 stig |
| 6. Þór Þ. | 246 stig |
| 7. Keflavík | 239 stig |
| 8. ÍR | 191 stig |
| 9. Haukar | 189 stig |
| 10. Valur | 89 stig |
| 11. Höttur | 84 stig |
| 12. Þór Ak. | 60 stig |


# Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 26. október 2017 klukkan 16:00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

## Dagskrá fundarins

1. Tillaga um að samþykkja kaup félagsins á öllu hlutafé Festi hf.
2. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé til að mæta hluta kaupsamningsgreiðslna við kaupin á Festi hf.

**Nánar um dagskrá fundarins:**

Í dag var undirritaður kaupsamningur á milli N1 hf. og SF V slhf. um kaup á öllu hlutafé í Festi hf., eins og komið hefur fram í tilkynningu til kauphallar. Viðskiptin eru m.a. háð samþykki hluthafafundar N1 hf. sem jafnframt verður að veita stjórn heimild til útgáfu nýrra hluta í N1 hf. til SF V slhf. til að hægt verði að efna kaupsamninginn. Af því tilefni er eftirfarandi tillaga lögð fyrir fundinn:

„Hluthafafundur í N1 hf. sem haldinn er fimmtudaginn 26. október 2017 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til þess að gefa út nýja hluti í félaginu að nafnverði allt að kr. 84.782.609 á genginu 115. Forkaupsréttur hluthafa að hækkuninni er felldur niður, en þess í stað, ef til kemur, er SF V slhf. veittur áskriftarréttur að allri hækkuninni, eins og nauðsynlegt reynist, til þess að hægt verði að standa við uppgjör á kaupsamningi um kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf., frá 3. október 2017, en hluti kaupverðsins er greiddur með nýjum hlutum í N1 hf. Heimild þessi til stjórnar stendur til 31. desember 2018. Gerð skal skráningarlýsing vegna hinna nýju hluta ef til útgáfu þeirra kemur"

**Aðrar upplýsingar:**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 laugardaginn 21. október 2017.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 12. október 2017. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

**Stjórn N1 hf.**

N1

# Open by night

9 ára

## Opið í dag

# 9-21

## 20% afsláttur*

af öllum vörum í verslun - aðeins í dag 4. október




3ja sæta
79.920 kr.
**Sparaðu 19.980 kr.**

Hægindastóll
47.920 kr.
**Sparaðu 11.980 kr.**

**Sessa-sófi.** Fallegt grátt áklæði. Þriggja sæta sófi. L200 cm. 99.900 kr. Nú 79.920 kr. Tvö og hálft sæti. L175 cm. 89.900 kr. Nú 71.920 kr. **Hægindastóll.** 59.900 kr. Nú 47.920 kr. **Skemill.** 66x54 cm. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**

Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

MasterCard VISA

Netgíró

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ**

# afmælishátíð ILVA

Nú 4.796 kr.

nýtt



**Lexington-ábreiða.** Grátt mynstur. 130x170 cm. 5.995 kr. Nú 4.796 kr.

Nú 19.996 kr.



**Leather brown/black-spegill.** Spegill með brúnni eða svartri ól. Ø60 cm. 24.995 kr. Nú 19.996 kr.

Nú 10.320 kr.



**Link-stóll.** Hvít, grá eða svört seta, krómfætur. 12.900 kr. Nú 10.320 kr.

Nú 7.996 kr.



**Read-borðlampi.** Svartur eða hvítur. H56 cm. 9.995 kr. Nú 7.996 kr.



**Njord-matarstell.** Matardiskar. Ø28 cm. 2 stk. 5.995 kr. Nú 4.796 kr. Diskar. 4 stk. Ø21 cm. 7.995 kr. Nú 6.396 kr. Kanna. 4 stk. 5.995 kr. Nú 4.796 kr. Skál. 4 stk. 6.995 kr. Nú 5.596

Nú 4.796 kr.

nýtt



**Eurico-kaktus.** Svartur 32,5cm. 5.995 kr. Nú 4.796 kr.

## Frí heimsending um allt land

ef verslað er fyrir 45.000 kr. eða meira og greitt í dag

ILVA sendum um allt land

3ja sæta

Nú 175.920 kr.

nýtt



**Phoenix-sófi.** 3ja sæta. Grátt áklæði. Reyklitaðir eikarfætur. L238 cm. 219.900 kr. Nú 175.920 kr. 2,5 sæta. L188 cm. 189.900 kr. Nú 151.920 kr.




## Glaðningur frá ILVA

Fyrstu 100 sem versla fá veglega gjöf.

nýtt



**Evora-púði.** Ýmsir litir.
40 x 40 cm. 1 tala. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.
30 x 50 cm. 2 tölur. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.

Kaffitár Valdís

Rjúkandi heitt kaffi frá kl.9 og Valdís gefur ís frá kl.12

Nú 55.920 kr.

nýtt



**Fly-hægindastóll.** Dökkgrátt áklæði, svört málmgrind. 69.900 kr. Nú 55.920 kr.

*Afsláttur gildir ekki á áður niðursettum vörum.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

## Merkisatburðir

**1908** Þórhallur Bjarnarson, 52 ára forstöðumaður Prestaskólans, er vígður biskup. Hann er biskup til æviloka, 1916.

**1939** Kolamálið. Þjóðviljinn sakar ráðherra landins um að draga að sér eldivið á skömmtunartímum. Ráðherrarnir eru hreinsaðir af þessum áburði og ritstjórar blaðsins dæmdir fyrir meiðyrði.

**1984** Verkfall BSRB hefst. Það hefur víðtæk áhrif, m.a. liggur skólahald niðri, strætisvagnar ganga ekki og útsendingar Ríkisútvarpsins falla að mestu niður. Samningar takast 30. október.

---

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**Aðalheiður Ólafsdóttir**
frá Stóru-Mástungu,

lést 26. september á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Hún verður jarðsungin frá Ólafsvallakirkju 6. október, kl. 14.00.

**Þórdís, Jóna, Ólöf Unnur, Jóhanna, Bjarni og aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Egill Jónsson**
fyrrverandi brunavörður,
Barmahlíð 3,

lést 23. september á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 13. október kl. 11. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Auður Ingvarsdóttir**
**Sveinbjörg Egilsdóttir** **Rögnvaldur Ólafsson**
**Jón Egilsson**
**Helga Egilsdóttir** **Guðmundur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Minningarathöfn um

**Ólöfu Magnúsdóttur Robson**
22/2 Abercromby Place
Edinburgh EH3 6QE,

sem lést í Edinborg 23. ágúst sl. verður í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. október kl. 15.00.

**Frank Robson**
**Magnus Robson** **Michelle Robson**
**Anna og Cara Robson**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Vigfúsdóttir**
fv. skrifstofustjóri
Iðnskólans í Reykjavík,
Hrafnistu í Reykjavík,
áður Árskógum 6, Reykjavík,

lést þann 29. september sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. október nk. kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Svala Árnadóttir**
**Laufey Aðalsteinsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Kristinn Aðalsteinsson** **Christian Wammer**
**Egill Aðalsteinsson** **Anna Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



Freyja ásamt ömmu sinni Diddu fyrir framan Ekkisens en Didda býr á efri hæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Opnaði sýningarrými í íbúð afa síns eftir útskrift

**Galleríið Ekkisens á Bergstaðastræti hefur í dag verið starfrækt í þrjú ár. Freyja Eilíf var nýútskrifuð úr Listaháskólanum og langaði að opna sýningarrými – sem hún og gerði í íbúð og vinnustofu afa síns. Ekkisens leggur áherslu á verk upprennandi listafólks.**

Ég ákvað bara að nota tilefnið og blása til smá hittings á Hótel Holti til að halda upp á þetta á einhvern hátt. Það er gaman að bjóða fólki að koma og hittast og spjalla saman í stað þess að bjóða alltaf á sýningar. Það er bara gaman – elegans,“ segir Freyja Eilíf myndlistarkona og konan bak við galleríið Ekkisens en það er þriggja ára í dag. Í tilefni þess er öllum boðið að stoppa við á Holtinu og fagna með Freyju og góðvinum Ekkisens.

*Hvernig kom það til að þú ákvaðst að opna þetta rými?* „Ég var nýútskrifuð úr Listaháskólanum og mig langaði að opna sýningarrými. Það vildi svo til að ég fékk tækifæri til að gera það á Bergstaðastræti 25b í húsi ömmu minnar – amma býr á efri hæðinni og neðri hæðin er fyrrverandi íbúð og vinnustofa afa míns. Hann lést árið 2012 þannig að rýmið öðlaðist nýjan tilgang sem gallerí.“



Freyja ákvað að opna sýningarrými þegar hún útskrifaðist úr Listaháskólanum.

*Hvernig hefur þetta svo gengið hjá þér?* „Þetta er bara búið að ganga vel. Það sem gengur best er að þetta er þekkt sýningarrými í Reykjavík og það koma alltaf margir gestir á opnanir – sem er gott fyrir þann sem er að sýna. Hér er áherslan á upprennandi og minna þekkta listamenn en staðsetningin er góð og það er kósí að koma því að þetta er í íbúðahverfi sem fólki finnst gott að koma í og hangsa í garðinum.“

*Hver hefur svo verið hápunktur þessara þriggja ára í Ekkisens?* „Hápunktur Ekkisens var án vafa sýning á verkum afa míns sem var opnuð í júlí í fyrra. Afi minn, Völundur Draumland, var myndlistarmaður en hann sýndi ekki mikið. Þetta var yfirlitssýning á verkum hans og kannski nokkurs konar frumsýning eða kynning á verkum hans. Það var mjög góður tími – það mun ekkert toppa það.“

*Hvað er næst á dagskrá – er það ekki bara full ferð áfram?* „Jú, full ferð áfram á meðan þetta er hægt – það eru bara sýningar á dagskrá, viðburðir og list – list úti um allt.“

Hátíðarhöldin hefjast klukkan 5 á Hótel Holti í dag. stefanthor@frettabladid.is

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gerða Doretz Hermannsdóttir**
Vesturbrún 20,
áður Miðfelli 3,

lést laugardaginn 30. september að Hjallatúni dvalarheimili Vík.

**Gunnar H. Andrésson** **Hrönn Ásgeirsdóttir**
**María G. Andrésdóttir**
**Jón Þórður Andrésson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Elskuleg eiginkona mín, besti vinur í 42 ár og móðir barnanna okkar þriggja,

**Sandra Anne Eaton**
kennari í Verzlunarskóla Íslands,

lést 27. september 2017. Útför fer fram í Grafarvogskirkju 6. október kl. 15.00. Blóm innilega afþökkuð en þeir sem vilja minnast Söndru geta styrkt gott málefni í hennar nafni. Sérstakar þakkir færum við því dásamlega fólki sem vinnur á Taugalækningadeild Landspítalans.

**Vilmundur Vilhjálmsson**
**Alissa Rannveig Vilmundardóttir**
**Anna Lóa Vilmundardóttir**
**Eydís Rose Vilmundardóttir**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. október 2017 | 36. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Offjárfestu í bílaleigubílum

Eftir mikla offjárfestingu halda bílaleigur nú að sér höndum. Bílaflotinn stækkaði um 45 prósent síðustu tvö ár. Í ljósi mikils framboðs af bílaleigubílum má búast við stórlækkuðu verði á notuðum bílum í vetur. » 6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK



»2

## Kaupréttarkerfi Kviku lagt niður eftir rannsókn FME

FME telur Kviku hafa brotið gegn reglum um kaupauka þegar starfsmenn fengu 400 milljónir í arð. Bankinn vill ljúka málinu með sátt og greiðslu sektar. FME rannsakar arðgreiðslur smærri fjármálafyrirtækja.

»2

## 20 milljarða hagnaður af sölu Invent Farma

Bókfærður hagnaður vegna sölu á spænska lyfjafyrirtækinu Invent Farma nam rúmlega 20 milljörðum. Félagið var selt í fyrra fyrir um 29 milljarða og var í eigu íslenskra fjárfesta.

»4

## Launaskrið hjá sjóðastýringarfélögum

Starfsmenn sjóðastýringarfyrirtækja bankanna voru með 1.690 til 2.070 þúsund krónur í laun á mánuði á fyrri helmingi ársins. Launaskriðið var hvað mest hjá Stefni.




# 20 milljarða hagnaður vegna sölu Invent Farma

**38%**

**var hlutur Framtakssjóðsins við sölu á lyfjafyrirtækinu.**

Bókfærður hagnaður vegna sölu á spænska lyfjafyrirtækinu Invent Farma, sem var nánast að fullu í eigu íslenskra fjárfesta, nam rúmlega 158 milljónum evra, jafnvirði um 21 milljarðs króna.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Invent Invest ehf., móðurfélags Invent Farma og dótturfélaga, en gengið var frá sölu á öllu hlutafé fyrirtækisins í júlí 2016 fyrir um 214 milljónir evra, eða sem nemur um 29 milljörðum króna á þáverandi gengi. Stærstu hluthafar við sölu Invent Farma voru Framtakssjóður Íslands með 38 prósenta hlut, Silfurberg, félag í eigu Friðriks Steins Kristjánssonar, stofnanda fyrirtækisins, með 27 prósent og þá átti framtakssjóðurinn Horn II ásamt meðfjárfestum tæplega 17 prósenta hlut.

Auk þess að hafa hagnast verulega á sölu Invent Farma, en kaupendur að fyrirtækinu voru erlendir fjárfestingarsjóðir leiddir af ráðgjafarfyrirtækinu Apax Partners, hafa íslenskir fjárfestar fengið greiddan arð úr félaginu fyrir tugi milljóna evra á undanförnum árum.

Þeir fjármunir sem fengust við söluna voru greiddir út að stærstum hluta til fjárfestanna í apríl á þessu ári. Söluandvirðinu í evrum var að mestu skipt yfir í krónur skömmu eftir að salan kláraðist fyrir rúmlega ári og því urðu þeir ekki fyrir gengistapi vegna styrkingar krónunnar. Gjaldeyririnn sem fékkst við söluna var að miklu leyti skilaskyldur, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Invent Farma er á meðal tíu stærstu samheitalyfjaframleiðenda á Spáni og í fyrra nam heildarvelta fyrirtækisins jafnvirði um 13 milljarða króna. Invent Farma á rætur að rekja til kaupa íslenskra fjárfesta, undir forystu Friðriks Steins, á lyfjaverksmiðju á Spáni 2004. Sumarið 2013 seldu flestir þáverandi íslensku hluthafar Invent Farma, utan Friðriks Steins, samtals 61 prósents hlut í lyfjafyrirtækinu til annars vegar Framtakssjóðs Íslands (38%) og hins vegar Burðaráss eignarhaldsfélags (23%), þá framtakssjóðs í eigu Straums fjárfestingarbanka, fyrir ríflega tíu milljarða.



**Friðrik Steinn Kristjánsson, stofnandi Invent Farma**

Burðarás seldi ári síðar nánast allan eignarhlut sinn í Invent Farma, eða um 21,7 prósenta hlut, fyrir 4,1 milljarð króna. Horn II ásamt meðfjárfestum keypti þann eignarhlut að stærstum hluta – samtals 16,8 prósent – í gegnum IF hlutafélag. Á meðal annarra stórra íslenskra hluthafa við sölu Invent Farma var félag í eigu hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, og tryggingafélögin Sjóvá og VÍS.

**hordur@frettabladid.is**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






**Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, segist ekki geta tjáð sig um málið á þessu stigi.**

# Kaupréttarkerfi lagt niður vegna kröfu FME

**FME telur Kviku hafa brotið reglur um kaupauka þegar starfsmenn fengu 400 milljónir í arð. Kvika hefur innleyst bréf starfsmanna og vill ljúka málinu með sátt og greiðslu sektar. FME hóf rannsókn á arðgreiðslum fjármálafyrirtækja í vor.**

Fjármálaeftirlitið (FME) telur að Kvika banki hafi fyrr á árinu brotið gegn reglum um kaupauka samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki þegar starfsmenn, sem voru B-hluthafar, fengu samtals um 400 milljónir í arðgreiðslur. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Kvika banki óskað eftir því að ljúka málinu gagnvart FME með sátt og greiðslu sektar.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku banka, sagðist í samtali við Markaðinn ekki geta tjáð sig um málið á þessu stigi. Hefur bankinn nú þegar innleyst þau bréf sem starfsmenn höfðu átt sem eigendur B-hluta í bankanum og gáfu þeim rétt til arðs sem nam tilteknum hluta af árlegum hagnaði bankans.

Fjármálaeftirlitið hóf síðastliðið vor rannsókn á því hvernig arðgreiðslum til handa starfsmönnum ýmissa smærri fjármálafyrirtækja, meðal annars Kviku og verðbréfafyrirtækisins Arctica Finance, væri háttað í þeim tilfellum þar sem þeir eiga bréf í félögunum sem B-, C- eða D-hluthafar. Rannsókn FME, samkvæmt heimildum Markaðarins, kom í kjölfar þess að blaðið greindi frá því í lok mars síðastliðins að hópur starfsmanna Kviku, sem þá voru eigendur B-hluta í bankanum, hefði fengið samanlagt hundruð milljóna króna í sinn hlut í arð vegna góðrar afkomu bankans á árinu 2016.

**25%**

**af árslaunum mega fjármálafyrirtæki að hámarki greiða í bónus til starfsmanna.**

FME telur að greiðslurnar til starfsmanna Kviku hafi í reynd verið kaupaukar en ekki hefðbundnar arðgreiðslur til hluthafa. Þær séu því brot á reglum eftirlitsins um kaupauka fjármálafyrirtækja sem kveða á um að slíkar greiðslur til handa starfsmönnum megi ekki vera meiri en sem nemur 25 prósentum af árslaunum þeirra og þá skuli ávallt fresta að lágmarki 40 prósentum greiðslunnar í að minnsta kosti þrjú ár. Reglur um kaupaukagreiðslur íslenskra fjármálafyrirtækja eru mun strangari en þær reglur sem gilda innan Evrópusambandsins.

Samtals námu arðgreiðslurnar til starfsmanna Kviku sem fyrr segir ríflega 400 milljónum. Þær grundvölluðust á samþykkt frá því á hluthafafundi í júní 2016 þar sem stjórn Kviku var heimilað að hækka hlutafé félagsins til að mæta fyrirhuguðum kaupréttarsamningum í samræmi við kaupaukakerfi bankans. Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem þá var stærsti einstaki hluthafi fjárfestingarbankans með tæplega tíu prósenta hlut, var eini hluthafinn sem greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Samkvæmt samþykktum Kviku áttu eigendur B-hluta í bankanum rétt til arðs sem næmi 35 prósentum árlegs hagnaðar fyrir tekjuskatt, að því marki sem hagnaður er umfram sex prósent arðsemi eigin fjár. Á síðasta ári nam hagnaður Kviku banka um 1.930 milljónum eftir skatt og var arðsemi eigin fjár tæplega 35 prósent. Samhliða því að stjórn Kviku ákvað í júlí síðastliðnum að innleysa öll hlutabréf í B-flokki var samþykkt heimild til hækkunar hlutafjár í A-flokki til samræmis við útgefin áskriftarréttindi sem starfsmönnum bankans stæði til boða.

Allt frá því að reglur FME um kaupaukakerfi voru settar árið 2011 hafa þær sætt gagnrýni, einkum af hálfu smærri fjármálafyrirtækja, sem telja þær ýta undir launaskrið og hafa neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stóru bönkunum þar sem fastur rekstrarkostnaður er hlutfallslega mun minni. Því fóru sum íslensk fjármálafyrirtæki þá leið að gera lykilstarfsmenn sína að hluthöfum, sem hefðu þó ekki atkvæðarétt sem B-, C- eða D-hluthafar, og umbuna þeim í formi arðgreiðslna sem tæki mið af afkomu hvers árs.

**hordur@frettabladid.is**

# Félag Jóhannesar Rúnars seldi lögfræðiþjónustu fyrir 127 milljónir

Félag í eigu Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar, fyrrverandi formanns slitastjórnar Kaupþings, skilaði samtals um 127 milljónum króna í tekjur í fyrra vegna seldrar lögfræðiþjónustu og jukust þær um tæplega 18 milljónir á milli ára.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi JRJ ehf. en hagnaður félagsins á síðasta ári nam 63 milljónum borið saman við hagnað upp á ríflega 50 milljónir króna árið 2015. Rekstrarkostnaður var að mestu vegna launa og aðkeyptrar þjónustu að fjárhæð samtals 42 milljónir. Eigið fé félagsins nam í lok síðasta árs 74 milljónum króna en á árinu 2016 greiddi Jóhannes Rúnar sér út 60 milljónir króna í arð. Ekki er áformað að greiða út arð á þessu ári vegna afkomu JRJ í fyrra.



**Jóhannes Rúnar var formaður slitastjórnar Kaupþings.**

Í kjölfar þess að slitabú Kaupþings lauk nauðsamningum í árslok 2015 færðist formlegt eignarhald á hendur kröfuhafa gömlu bankanna. Jóhannes Rúnar, sem hafði setið í skilanefnd og síðar slitastjórn Kaupþings allt frá upphafi slitameðferðar vorið 2009, tók þá sæti í fjögurra manna stjórn Kaupþings á fyrsta hluthafafundi hins nýja eignarhaldsfélags sem fór fram í mars 2016. Þar var hann kjörinn í stjórn til tveggja ára og nam þóknun hans fyrir stjórnarsetuna 250 þúsund evrum, jafnvirði 32 milljóna króna á núverandi gengi, á ári. Í byrjun nóvember sama ár var hins vegar tilkynnt að Jóhannes Rúnar væri hættur í stjórn félagsins.

Jóhannes Rúnar var í hópi umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt fyrr á árinu og var á meðal fimmtán hæfustu umsækjenda samkvæmt matsnefnd dómsmálaráðherra. Hann var hins vegar ekki skipaður dómari við Landsrétt af ráðherra og í kjölfarið höfðaði hann mál gegn ríkinu. Í dómi Hæstaréttar 31. júlí síðastliðinn var staðfest fyrri niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur að vísa ógildingarkröfu Jóhannesar Rúnars frá dómi. **– hae**

ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ

# Öflug þjónusta við leigjendur

Almenna leigufélagið býður viðskiptavinum sínum upp á hátt þjónustustig, langtímaleigu og sveigjanleika. Þannig tökum við þátt í að byggja upp faglegan og traustan leigumarkað.

**Langtímaleiga**

**Sveigjanleiki**

**24/7 Þjónusta**



al.is

Samstarf Almenna leigufélagsins og Securitas tekur til allra íbúa félagsins.

# Launaskrið hjá sjóðastýringarfélögum

Starfsmenn sjóðastýringarfyrirtækja bankanna voru með 1.690 til 2.070 þúsund krónur í laun á mánuði á fyrri helmingi ársins. Launaskriðið var hvað mest hjá Stefni. Meðallaun starfsmanna Stefnis hafa hækkað um 150 prósent á átta árum.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is




Meðallaun starfsmanna í stóru sjóðastýringarfélögunum þremur – Íslandssjóðum, Landsbréfum og Stefni – á fyrri helmingi ársins hækkuðu á bilinu um 180 til 320 þúsund krónur á mánuði frá sama tíma í fyrra. Mesta launaskriðið var hjá Stefni, en starfsmenn félagsins voru að meðaltali með um 2.070 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði á fyrstu sex mánuðum ársins. Hækkuðu launin um 18 prósent á milli ára.

Af þremur stóru sjóðastýringarfélögunum, sem eru í eigu Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, greiddi Stefnir sem fyrr hæstu launin á fyrri helmingi ársins, en til samanburðar voru starfsmenn Íslandssjóða að meðaltali með um 1.710 þúsund krónur í mánaðarlaun og hjá Landsbréfum námu launin um 1.690 þúsund krónum.

Meðallaun starfsmanna Íslandssjóða hækkuðu um liðlega 15 prósent á milli ára en hjá Landsbréfum hækkuðu launin um 12 prósent.

Þess má geta að meðalmánaðarlaun starfsmanna Stefnis námu um 820 þúsund krónum árið 2009 og hafa þau þannig hækkað um rúmlega 150 prósent á átta árum. Á sama tíma hefur almenn launavísitala hækkað um 60 prósent.

Upplýsingar um launagreiðslur félaganna byggja á árshlutareikningum þeirra um heildarlaun og meðalfjölda starfsmanna á fyrstu sex mánuðum ársins. Í einhverjum tilfellum innihalda þær greiðslur kaupauka sem stjórnendur og lykilstarfsmenn félaganna fengu í sinn hlut.

Íslandsbanki og Landsbankinn eru eins og kunnugt er í eigu íslenska ríkisins sem fer jafnframt með 13 prósenta hlut í Arion banka.

Meðallaun starfsmanna í sjóðastýringarfélögunum eru töluvert hærri en meðallaun í fjármálageiranum. Þannig námu heildarlaun í fjármála- og vátryggingastarfsemi að meðaltali 893 þúsund krónum á mánuði í fyrra, samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands.

Þá var greint frá því í Markaðinum í síðasta mánuði að meðallaun starfsmanna smærri fjármálafyrirtækja landsins hefðu nokkurn veginn staðið í stað á milli áranna 2015 og 2016. Fengu starfsmenn fyrirtækjanna almennt að meðaltali á bilinu 780 þúsund til 1.610 þúsund krónur í mánaðarlaun í fyrra. Hins vegar hækkuðu arð- og kaupaukagreiðslur til starfsmannanna umtalsvert á milli ára.

### Hagnaður stórjókst

Hagnaður af rekstri sjóðastýringarfélaganna þriggja jókst verulega á fyrri helmingi ársins. Stefnir hagnaðist hvað mest eða um 669 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins borið saman við 322 milljónir á sama tímabili í fyrra. Jókst hagnaðurinn þannig um 108 prósent á milli ára.

Hagnaður af rekstri Íslandssjóða nam 114 milljónum króna á tímabilinu, en var 46 milljónir á sama tíma í fyrra. Þá jókst hagnaður Landsbréfa um 91 prósent og nam 556 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Heildareignir í stýringu félaganna námu um 630 milljörðum króna í lok júnímánaðar. Eignir í stýringu Stefnis voru 277 milljarðar króna en þær drógust saman um 130 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins. Hjá Íslandssjóðum voru eignir í stýringu 197 milljarðar í lok júní borið saman við 25 milljarða í lok síðasta árs. Aukninguna má rekja til eignastýringar á sérgreindum eignasöfnum sem félagið tók að sér á tímabilinu, að því er fram kemur í árshlutareikningnum.

Eignir í stýringu Landsbréfa námu 157 milljörðum króna í lok júní og drógust saman um 27 milljarða króna á fyrri helmingi ársins.

### Skila neikvæðri ávöxtun

Allir hlutabréfasjóðir sjóðastýringarfélaganna þriggja hafa skilað neikvæðri ávöxtun það sem af er ári. Lökust er hún hjá hlutabréfasjóðum í stýringu Landsbréfa, en sem dæmi hefur sjóðurinn Öndvegisbréf skilað neikvæðri ávöxtun upp á 8,7 prósent og sjóðurinn Úrvalsbréf neikvæðri ávöxtun upp á 12,4 prósent. Hlutabréfasjóðurinn Stefnir – ÍS 15 hefur á árinu skilað neikvæðri ávöxtun upp á 4,9 prósent og þá eru hlutabréfasjóðir í stýringu Íslandssjóða með neikvæða ávöxtun upp á eitt til tvö prósent, samkvæmt upplýsingum á vef Keldunnar.

Til samanburðar hefur úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkað um 3,7 prósent það sem af er árinu.

**Meðalmánaðarlaun starfsmanna á fyrri helmingi 2017**

| Íslandssjóðir | Landsbréf | Stefnir |
|---|---|---|
| 1.710.000 | 1.690.000 | 2.070.000 |

### Með 2,9 milljónir króna í mánaðarlaun

Launagreiðslur og hlunnindi til handa framkvæmdastjórum stóru sjóðastýringarfélaganna þriggja hækkuðu umtalsvert í fyrra. Laun og hlunnindi til handa Flóka Halldórssyni, framkvæmdastjóra Stefnis, námu ríflega 35 milljónum króna í fyrra eða sem nemur um 2,9 milljónum króna á mánuði. Árslaunin voru til samanburðar 30,3 milljónir króna árið 2015. Mánaðarlaun Helga Þórs Arasonar, framkvæmdastjóra Landsbréfa, námu um 2,8 milljónum króna í fyrra borið saman við um 2,5 milljónir árið áður.

Þá námu laun og hlunnindi til handa Haraldi Erni Ólafssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Íslandssjóða, 26,7 milljónum króna á síðasta ári, eða sem nemur um 2,2 milljónum króna á mánuði, en hann lét af störfum í september í fyrra. Tók Kjartan Smári Höskuldsson við forstjórastarfinu.




# Tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir komnir með 2,8 prósenta hlut í TM

Tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir á vegum eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management komust nýverið í fyrsta sinn á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa tryggingafélagsins TM.

Sjóðirnir Global Macro Portfolio og Global Macro Absolute Return Advantage eiga þannig í dag samanlagt 2,84 prósenta hlut í TM sem þýðir að þeir eru saman elleftu stærstu hluthafar félagsins. Hlutur sjóðanna er metinn á tæpar 590 milljónir króna miðað við gengi bréfa TM eftir lokun markaða í gær.

Sjóðirnir eru einu erlendu aðilarnir sem komast á lista yfir stærstu hluthafa í TM. Þeir eru jafnframt á lista yfir stærstu hluthafa í öllum þremur tryggingafélögunum – Sjóvá, TM og VÍS – sem eru skráð í hlutabréfamarkað.



Hlutabréf TM hafa hækkað um 16 prósent í verði í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjóðirnir umræddu voru ekki á hluthafalista TM í lok síðasta árs, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Fjárfestingarsjóðir á vegum Eaton Vance hafa frá árinu 2015 verið langsamlega umsvifamestir erlendra aðila á íslenskum hlutabréfamarkaði. Sjóðirnir eru á meðal tuttugu stærstu hluthafa í tíu félögum í Kauphöllinni og má ætla að samanlagt markaðsvirði þess eignarhlutar nemi vel yfir tíu milljörðum króna. – kij

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

sedus
Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:
64.900.-





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

Epalverð:
89.800.-

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK




Bílaleigubílar hafa myndað sístækkandi hluta af heildarbílaflota landsins á síðustu árum. Bílaleiguflotinn var um það bil tíu prósent af heildarbílaflotanum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Róðurinn að þyngjast hjá bílaleigum

**Vísbendingar eru um að hægst hafi á vexti bílaleiga. Afkoman fer jafnframt versnandi. Eftir miklar offjárfestingar í bílaleigubílum á umliðnum árum munu margar leigur halda að sér höndum. Vegna mikils framboðs er búist við að verð á notuðum bílum lækki í haust.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Eftir miklar offjárfestingar í bílaleigubílum undanfarið stíga bílaleigur nú varlega til jarðar. Fjöldi bílaleigubíla hefur fjórfaldast á umliðnum sex árum en nú horfir til breytinga. Vegna mikils framboðs og fyrirhugaðrar hækkunar vörugjalda á bílaleigubíla, sem tekur gildi um næstu áramót, er einsýnt að bílaleigur muni halda að sér höndum í bílakaupum fyrir næsta sumar.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir að á grundvelli lögmálsins um framboð og eftirspurn eigi verð á notuðum bílum að öðru óbreyttu að lækka í haust þegar bílaleigur endurnýja flota sinn. Bílaleigurnar muni þó reyna að grípa til aðgerða til þess að milda höggið. „Það er ekki ósennilegt að sumar leigur muni freistast til þess að leigja bíla út meira ekna en áður. Við gætum átt von á ákveðinni breytingu á markaðinum og að það verði kannski ekki eins mikil endurnýjun á bílaleigubílum á komandi vertíð.“

Fordæmalaus gengisstyrking krónunnar á umliðnum árum, hægari vöxtur í ferðaþjónustu og fyrirhuguð hækkun vörugjalda ógnar afkomu margra bílaleiga sem eiga þann kost einan að leita leiða til þess að hagræða í rekstri og horfa til sameiningar við aðrar bílaleigur.

„Það kæmi mér ekki á óvart ef það yrði einhver samþjöppun í vetur,“ segir Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar. „Maður hefur heyrt af nokkrum sem eru í vandræðum, fyrst og fremst vegna gengisstyrkingar krónunnar síðustu ár, og það verður væntanlega einhver samþjöppun á markaðinum, eins og við höfum séð annars staðar í ferðaþjónustunni. Menn munu eflaust horfa til þess að reyna að nýta hlutina betur og bregðast við breyttu umhverfi. Það er ekkert óeðlilegt við það.“

Eftir lygilegan uppgang á undanförnum árum – samhliða stórauknum straumi ferðamanna til landsins – virðist sem hægst hafi á vexti bílaleiga. Jafnframt eru vísbendingar um að afkoma bílaleiga fari versnandi. Þannig dróst samanlagður hagnaður þriggja stærstu bílaleiga landsins; Bílaleigu Akureyrar, ALP, sem rekur bílaleigur undir merkjum Avis og Budget, og Hertz, saman um 8 prósent í fyrra. Nam hann 820 milljónum króna borið saman við 891 milljón króna árið 2015. Samanlagt veltu bílaleigurnar þrjár 13,6 milljörðum króna í fyrra samanborið við 11,8 milljarða árið áður. Hefur veltan aukist um liðlega 80 prósent á einungis fjórum árum.

EBIDTA – þ.e. rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – sem hlutfall af tekjum var að meðaltali 16 prósent hjá bílaleigum árið 2015 en samkvæmt áætlunum Samtaka ferðaþjónustunnar fór hlutfallið niður í sjö prósent í fyrra. Einnig hefur lágt eiginfjárhlutfall bílaleiga vakið athygli, en í nýlegri ferðaþjónustuúttekt greiningardeildar Arion banka kom fram að eiginfjárhlutfall bílaleiga hefði að meðaltali verið vel undir 10 prósentum síðustu ár. Hins vegar var ávöxtun eigin fjár hjá bílaleigum yfir 50 prósent árið 2015, borið saman við um 35 prósenta ávöxtun árið 2014.

### Komið að endastöð

Einn viðmælandi Markaðarins telur að komið sé að endastöð í fjölgun bílaleigubíla. Offjárfestingar síðustu ára, sér í lagi fyrir síðasta sumar, eigi eftir að koma mörgum í koll.

„Ef það voru of margir bílar á markaðinum í sumar eru þeir klárlega enn þá of margir,“ segir Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Bílaleigunnar Geysis.

Steingrímur segir enga launung að of margir bílaleigubílar hafi verið í boði í sumar. Bílaleigur hafi offjárfest. „Fyrir utan smá tímabil í ágúst áttu flestallar, ef ekki allar, bílaleigur lausa bíla í sumar. Það var ekki í þeim mæli að hægt væri að tala um neyðarástand, en hins vegar var klárlega offjárfesting í greininni.“

## Minni hagnaður en aukin velta

| | Bílaleiga Akureyrar | ALP | Hertz |
|---|---|---|---|
| Hagnaður á árinu 2016 | 110 milljónir | 368 milljónir | 342 milljónir |
| Breyting á milli 2015 og 2016 | 67% ↓ | 59% ↑ | 5% ↑ |
| Rekstrartekjur á árinu 2016 | 6,3 milljarðar | 3,8 milljarðar | 3,5 milljarðar |
| Breyting á milli 2015 og 2016 | 11% ↑ | 27% ↑ | 13% ↑ |

**Ef það voru of margir bílar á markaðinum í sumar eru þeir klárlega enn þá of margir.**

Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Bílaleigunnar Geysis



Í byrjun septembermánaðar voru 25.850 bílaleigubílar á skrá, samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu, en til samanburðar voru um 6.500 bílaleigubílar skráðir í byrjun árs 2011. Fjöldinn hefur þannig fjórfaldast á sex árum. Fjölgunin hefur verið sérstaklega ör undanfarin tvö ár og numið tæplega 45 prósentum. Fjöldi bílaleigubíla fór yfir 26 þúsund í ágústmánuði, sem var metmánuður, en dróst örlítið saman í síðasta mánuði, eins og algengt er á haustin þegar bílaleigur freista þess að selja bíla á endursölumarkaði og minnka þannig flota sinn. Í ljósi mikils offramboðs á bílaleigubílum má búast við stórlækkuðu verði á notuðum bílum í haust, að mati viðmælanda Markaðarins. Raunar eru víða efasemdir um hvort innlendi markaðurinn geti yfir höfuð tekið við öllum notuðu bílunum frá bílaleigunum.

Sigfús Bjarni Sigfússon, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Hertz, segir að margar bílaleigur muni sennilega halda að sér höndum fyrir næsta sumar, sér í lagi í ljósi þess að vörugjöld á bílaleigur muni hækka um áramótin. Jafnvel gæti staðan orðið sú að ekki verði nægilegt framboð af bílaleigubílum næsta sumar. Annar viðmælandi Markaðarins nefnir að ekki sé ólíklegt að bílaleigur kaupi allt að 40 til 50 prósentum færri bíla á næsta ári en í ár.

Aðspurður segir Steingrímur að áhrifin af offramboði sumarsins verði væntanlega þau að bílaleigur kaupi færri bíla á næsta ári og haldi þannig að sér höndum. „Offramboðið þýddi einnig að verðið var lægra í sumar. Menn voru að reyna að leigja út flotann sinn.“

### Leigutíminn styst

Vegna styrkingar krónunnar hefur kauphegðun ferðamanna tekið nokkrum stakkaskiptum og segjast margir stjórnendur bílaleiga finna fyrir því. Steingrímur nefnir sem dæmi að meðalleigutími bíla hafi styst um einn dag, sennilega úr sjö til átta dögum í sex til sjö daga. Það er mikil breyting frá því sem áður var, en fyrir nokkrum árum var ekki óalgengt að bílar væru leigðir út í tvær vikur í senn. Ferðamenn leigja nú jafnframt minni og ódýrari bíla en áður. Ástæðan er ekki sú að bílaleigur hafi hækkað verð, enda hafa verðin almennt séð farið lækkandi, heldur er Ísland einfaldlega orðið of dýrt að mati margra ferðamanna. Styrking krónunnar hefur þannig leikið ferðamenn og vitaskuld bílaleigurnar grátt.

Margeir segir spár greinenda um að gengi krónunnar myndi styrkjast enn frekar í sumar ekki hafa gengið eftir. Þess í stað hafi gengið veikst umtalsvert frá því í júní. „Og þar liggur kannski vandinn. Hvar er þessi meinti stöðugleiki gjaldmiðilsins? Þessar sveiflur eru erfiðar viðfangs og ekki að gera neinum greiða, hvar svo sem menn starfa innan ferðaþjónustunnar.“

Viðmælendur Markaðarins taka fram að margar bílaleigur muni líklega eiga erfitt með að fjármagna bílakaup á næstunni. Slík fjármagnsfrek kaup kalli á aukið eigið fé sem sé ekki alls staðar til reiðu. Meðalverð á bílaleigubílum er í kringum þrjár milljónir króna fyrir utan virðisaukaskatt, samkvæmt upplýsingum frá greiningardeild Íslandsbanka, og er því ekki óvarlegt að áætla að bein fjárfesting vegna bílakaupa í greininni hafi slagað hátt í 30 milljarða króna í fyrra. Er þá ótalin öll önnur fjárfesting, svo sem í húsnæði og viðhaldi.

Margeir segir horfurnar í vetur ágætar. „Bókunarstaðan er fín fyrir haustið sem er ánægjuefni. Það er meiri kraftur en áður yfir vetrartímann og meiri umferð á vegunum. Hins vegar eru verðin lægri. Okkur hefur gengið ágætlega í ár. Það verður ekki sagt annað. Við höfum náð að stýra flotanum okkar þannig að við vorum uppseldir yfir hásumarið, en eigum töluvert af bílum á lausu núna eins og allar bílaleigur. Nú er einnig það tímabil gengið í garð þegar bílaleigur reyna að losa sig við bíla.“

Sigfús Bjarni segir sumarið hafa verið ólíkt því sem vant er. „Það er ljóst að það var meira framboð af bílaleigubílum en áður. Við jukum framboðið eitthvað, en stigum samt varlega til jarðar og vorum með mjög góða nýtingu á okkar flota. Haustið lítur vel út. Verðin hafa lækkað og samkeppnin er mikil og hörð. Ég

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 4. OKTÓBER 2017



Magnús Már Þorvarðarson er maðurinn að bak við Art of Már. MYND/ANTON BRINK

# Túlkar íslensk kennileiti eftir eigin höfði

Arkitektinn Magnús Már Þorvarðarson hannar óvenjuleg plaköt. Hann segist vilja sýna listræna túlkun á því sem Ísland hefur fram að færa. →2



**Kristín Dóra Ólafsdóttir myndlistarmaður hefur dálæti á pottaplöntum. Hún opnar sýningu á föstudaginn á málverkum af plöntum og sækir titil sýningarinnar í Facebook-hóp blómaáhugafólks.** →4

**Hreinsum öll húsgögn, rúm og dýnur.**

Oson hreinsum ef mygla er til staðar.




**Húsgagnahreinsunin ehf.**

Eldshöfði 8, 110 Rvk.
S: 577-5000

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Arkitektinn Magnús Már Þorvarðarson steig nýlega sín fyrstu skref sem listamaður og hóf að vinna myndaseríu sem hann kallar „Kennileitin (Icons of Iceland)“. Serían sýnir listræna túlkun hans á tólf helstu kennileitum Íslands og verður gefin út á plakötum. Magnús stofnaði fyrirtækið „Art of Már“ í kringum útgáfuna og í þessum mánuði hefst sala á verkum hans í Epal.

Magnús hefur lengi haft áhuga á listum. „Maður er að vísu auðvitað listamaður sem arkitekt,“ segir hann. „En ég hef alltaf haft gaman af því að teikna og haft áhuga á að skapa eitthvað listrænt.“

## Blandar saman áhugamálum

Hugmyndin kviknaði þegar Magnús var í fæðingarorlofi fyrir skömmu. „Ég fór að skoða markaðinn á þessu sviði og sá að það er ekki til mikið af efni í dag sem sýnir listræna túlkun á því hvað landið hefur mikið fram að færa og er virkilega spennandi,“ segir hann. „Þó kennileiti Íslands séu mikið ljósmynduð þá eru þau lítið túlkuð á listrænan hátt.“

Magnús hefur alltaf haft mikinn áhuga á Íslandi og ferðast mikið um landið og sá tækifæri til að blanda saman tveimur áhugamálum, listinni og fegurð landsins. „Þannig kviknar hugmyndin og áhuginn og það má segja að þannig byrji í rauninni ferill minn sem listamaður,“ segir Magnús.

## Tólf verk í línunni

„Það er oft þannig með hugmyndir, að maður lætur þær renna hjá,“ segir Magnús. „En um leið og ég var byrjaður á þessu verkefni og fólki fór að lítast vel á leiddi eitt af öðru og allt í einu var ég kominn með fyrsta verkið, af Hallgrímskirkju. Þá varð ég sjálfur forvitinn og fór í framhaldi af því að þróa þetta lengra.“

Nú er Magnús búinn að ákveða að túlka tólf kennileiti með teikningum.

„Auðvitað er þetta náttúrulega mín túlkun sem hönnuður á hvað eru kennileiti,“ segir hann. „Þetta er blanda af byggingum og náttúruperlum en ég er ekki að alhæfa um hver eru helstu kennileitin á Íslandi. Eins og með skoðanir og alla list, þá er fólk ekki alltaf sammála.“

Í dag eru þrjú verk tilbúin og fara þau í sölu seinna í þessum mánuði. Fyrstu þrjú verkin sýna Hallgrímskirkju, Skógafoss og Höfða, en strax í næsta mánuði tekur Magnús þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu 23.-27. nóvember og þar ætlar hann að sýna alls sex verk.



Magnús Már Þorvarðarson er að stíga sín fyrstu skref sem listamaður. MYNDIR/ANTON BRINK




Túlkun Magnúsar á Skógarfossi. Eitt af þremur verkum sem eru að fara í sölu í þessum mánuði. MYND: ANTON BRINK




Túlkun Magnúsar á Höfða. Eitt af þremur verkum hans sem koma í sölu í þessum mánuði.




Túlkun Magnúsar á Hallgrímskirkju. Fyrsta verkið sem Magnús hannaði.

## Gefandi og spennandi óvissa

Magnúsi finnst mjög gefandi að hafa frelsi til að fá að túlka eitthvað sem hann hefur áhuga á rétt eins og hann vill. „Þetta er bæði gefandi og spennandi,“ segir hann. „Þú veist aldrei hvað er hinum megin við hornið. Þú leggur upp á móti straumnum án þess að vita hvort þú komist í gegnum hann og það bíða alltaf fleiri hindranir. En óvissan er mjög spennandi.“

Magnús er að vonum líka spenntur að sjá hvernig hönnuninni verður tekið. „Ég er gríðarlega spenntur að koma þessu frá mér,“ segir hann. „Stærsta hrósið er að sjálfsögðu viðtökurnar – sjáum hvað fólki finnst.“

Verkin koma út eitt af öðru á næstu mánuðum og mynda að lokum heildstæða seríu. Magnús vonast til að þetta verði bara fyrsta línan af mörgum sem kemur frá fyrirtæki hans, Art of Már.




Skógafoss og Höfði. Tvö verk eftir Magnús sem eru gefin út undir nafninu Art of Már.




# Frá Íslandi til Tasmaníu

Ljósmyndasýning eftir Guðmund Bjartmarsson frá Sandi verður opnuð 6. október kl. 16 á neðri hæð Safnahússins á Húsavík.

Guðmundur nam bæði kvikmyndagerð og ljósmyndun. Hann vann aðallega við kvikmydagerð en hefur auk þess tekið fjöldann allan af ljósmyndum og haldið nokkrar sýningar. Guðmundur bjó í Tasmaníu í nokkur ár og eru flestar myndanna á þessari sýningu teknar þar.

Á sýningunni eru einnig myndir teknar á Íslandi, aðallega í umhverfi Sands í Aðaldal. Guðmundur fæddist 6. okt. 1948 og lést 10. mars sl.

Sýningin verður opin til og með 20. október á opnunartíma safnsins.


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# LÆKKAÐ VERÐ

MEÐ MAGNINNKAUPUM GETUM VIÐ BOÐIÐ TVO AF OKKAR VINSÆLUSTU LEGSTEINUM Á FRÁBÆRUM KJÖRUM

40% AFSLÁTTUR




NR. 2020 SHANXI BLACK
**TILBOÐSVERÐ**
**KR. 236.900,-**
~~FULLT VERÐ KR. 396.900,-~~
AFSLÁTTUR KR. 160.000




NR. 2006 SHANXI BLACK
**TILBOÐSVERÐ**
**KR. 244.900,-**
~~FULLT VERÐ KR. 408.900,-~~
AFSLÁTTUR KR. 164.000

## INNIFALIÐ Í TILBOÐSVERÐI

- LEGSTEINNINN
- UPPSETNING LEGSTEINSINS*
- ÁLETRUN
- ÍGRAFIN MYND
- GRANÍT LUKT
- GRANÍT VASI
- BATTERÍSKERTI 250 KLST

*(Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU), EÐA PÖKKUN OG SENDING Á LEGSTEININUM ÚT Á LAND MEÐ FLYTJANDA.

GERÐU LEIÐI ÁSTVINA ÞINNA FALLEGT FYRIR JÓLIN

MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Hollt fyrir ábyrgðartilfinninguna

Kristín Dóra Ólafsdóttir myndlistarmaður hefur dálæti á pottaplöntum. Þær virki með henni ábyrgðartilfinninguna svo hún fullorðnist. Hún opnar sýningu á föstudaginn á málverkum af plöntum og sækir titil sýningarinnar í Facebook-hóp blómaáhugafólks.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



Sýningin heitir Stofublóm Inniblóm Pottablóm. Ég hef mikið skoðað þessa tilteknu Facebook-grúppu, bæði sótt mér ráð þangað, lesið mér til og einnig gefið ráð. Hópurinn er fallegur vettvangur samskipta því hann snýst einungis um velvild fólks í garð pottaplantna," útskýrir Kristín Dóra Ólafsdóttir myndlistarmaður en hún opnar sýningu á föstudag á málverkum af stofublómum. Sjálf hefur hún dálæti á pottaplöntum og eftir að hún flutti úr foreldrahúsum hefur hún komið sér upp ágætu safni.

„Ég vann í Garðheimum í nokkur ár og hef sankað að mér í plöntum og sérstaklega síðasta árið en þá flutti ég að heiman. Ég er með um það bil níu tegundir heima. Ég er í rúmgóðu húsnæði og búin að fylla öll horn af plöntum. Þetta er hluti af því að verða fullorðin," segir Kristín. „Ég á ekki börn og ber ekki ábyrgð á neinu nema sjálfri mér. Plöntur eru góð leið til þess að æfa ábyrgðartilfinninguna. Ég er reyndar líka gulrótabóndi og rækta gulræturnar bæði í Reykjavík og í sumarbústaðarlandi foreldra minna. Úr uppskerunni bý ég svo til góða gulrótarsúpu sem ég á í frysti allan veturinn, eða baka gulrótarkökur. Ég ólst upp í Breiðholti í nálægð við Elliðaárdalinn og var virk í Skólagörðunum. Einu verðlaunin sem ég hef fengið í lífinu voru fyrir flottasta garðinn í Skólagörðunum," segir Kristín. Enda langi hana í stóran garð til að geta ræktað bæði matjurtir og annan gróður. Garðrækt sé henni eins og hugleiðsla, líkt og myndlistin.

„Þetta er allt saman leið til betri sjálfsvitundar. Ég er í leit að sjálfri mér og að einhverjum sannleika. Það má segja að með þessari sýningu ég sé að vinna með unglingavitundina, hvernig maður er enn þá unglingur búandi heima hjá mömmu og pabba en fullorðnast við að flytja að heiman. Sýningin mín samanstendur af málverkum af plöntum. Til að byrja með málaði ég plönturnar mínar og fór svo að vinna með þær plöntur sem mig langar í. Mér finnast plöntur segja mikið um eigendur sína," segir Kristín. Hvernig planta væri lýsandi fyrir þig? „Vonandi ekki gerviblóm," segir hún sposk. „Sennilega er það bergflétta. Hún er skemmtilegt blóm og fer út um allt."



Kristín Dóra Ólafsdóttir myndlistarmaður hefur dálæti á pottaplöntum. Hún opnar sýningu með málverkum af stofublómum á föstudaginn. MYND/EYÞÓR

Kristín útskrifaðist úr Listaháskólanum síðasta vor. Stofublóm Inniblóm Pottablóm er hennar fjórða einkasýning og sú fyrsta eftir útskrift. Sýningin verður opnuð föstudaginn 6. október í Bryggjunni Brugghúsi klukkan 16. Nánar má forvitnast um verk Kristínar á www.kristindora.com.













## Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX

ALLT FYRIR
HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

## Fjöldi skráðra bílaleigubíla hefur fjórfaldast á sex árum




myndi ekki tala um verðstríð, heldur mjög virka samkeppni þar sem verðin breytast nánast frá degi til dags.“

**Hagnaðurinn dróst saman**

Eins og áður sagði skiluðu þrjár stærstu bílaleigur landsins um 820 milljóna króna hagnaði í fyrra. Hagnaður stærstu leigunnar, Bílaleigu Akureyrar, dróst saman um 67 prósent á milli ára og nam 110 milljónum króna í fyrra. Rekstrartekjur námu 6,3 milljörðum króna, borið saman við 5,7 milljarða árið 2015, og rekstrargjöld félagsins voru 5,4 milljarðar.

Eignir bílaleigunnar drógust saman á milli ára, fóru úr 11,9 milljörðum í tæpa 11,6 milljarða, og þá lækkaði eiginfjárhlutfallið úr 4,7 prósentum í lok árs 2015 í 3,2 prósent í lok síðasta árs. Var handbært fé frá rekstri rúmar sjö milljónir í lok árs 2016 borið saman við 179 milljónir í lok árs 2015. Alls störfuðu 220 manns að meðaltali hjá bílaleigunni á árinu og fækkaði starfsmönnum um átta á milli ára.

> **Maður hefur heyrt af nokkrum aðilum sem eru í vandræðum, aðallega vegna styrkingar krónunnar síðustu ár, og það verður væntanlega einhver samþjöppun.**
>
> Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar



Hagnaður ALP nam 368 milljónum króna í fyrra og jókst um tæpar 140 milljónir á milli ára. Rekstrartekjurnar námu 3,8 milljörðum króna og rekstrargjöldin 2,4 milljörðum. Var eiginfjárhlutfallið 18,3 prósent í lok síðasta árs borið saman við 16,0 prósent í lok árs 2015. Alls störfuðu 126 starfsmenn að meðaltali hjá ALP í fyrra.

Þá hagnaðist Hertz um 342 milljónir króna í fyrra samanborið við 325 milljónir árið áður. Voru rekstrartekjurnar 3,5 milljarðar króna og rekstrargjöldin 1,8 milljarðar. Eiginfjárhlutfallið nam 20,7 prósentum í lok síðasta árs og hækkaði um tæp fjögur prósentustig á milli ára, en hins vegar dróst handbært fé frá rekstri verulega saman í fyrra og var 67 milljónir í lok ársins borið saman við 179 milljónir í lok árs 2015. Meðalfjöldi starfsmanna var 105 í fyrra.

## „Rústar“ rekstrargrundvelli bílaleiganna



**Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar**

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, segir margar bílaleigur innan vébanda samtakanna vera uggandi yfir fyrirhugaðri hækkun vörugjalda á bílaleigur. Hækkunin tekur gildi 1. janúar næstkomandi en frá og með þeim degi þurfa bílaleigur að greiða full vörugjöld af ökutækjum sínum.

„Auknar álögur munu tvímælalaust hafa þau áhrif að afkomu einhverra fyrirtækja verði ógnað. Fjármögnun á nýjum bílum mun þyngjast og munu bílaleigubílar þar með eldast. Með hærri meðalaldri verða bílarnir ekki eins öruggir og ekki búnir sömu gæðum og bílaleigubílar eru búnir í dag,“ segir Gunnar Valur. Umhverfið muni jafnframt breytast. Þannig séu erlendir ferðamenn á bílaleigubílum líklegir til þess að draga úr akstri sínum, dvelja skemur og fara síður út á landi.

„Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, þegar boðaðar breytingar voru samþykktar haustið 2015, kemur fram að skoða eigi skattbyrði bílaleigufyrirtækja í samráði við greinina. Sú skoðun hefur hreinlega ekki farið fram. Við höfum sent fjölmargar tillögur til ráðuneytisins en það hefur ekkert komið út úr því. Það verður að teljast mjög ámælisvert.“

Steingrímur nefnir að hækkun vörugjalda muni koma bílaleigum mjög illa. „Hún mun í rauninni rústa rekstrargrundvellinum. Það þarf bara að finna hvaða leiðir séu færar til þess að takast á við það. Stjórnvöld lofuðu að ræða við okkur en það hefur ekki gerst. Gengisstyrking krónunnar og síðan þessi vörugjaldahækkun hefur mikil áhrif á greinina og er í raun og veru að gjörbylta henni,“ segir hann.

„Þetta er margfalt alvarlegra mál fyrir ferðaþjónustuna heldur en til dæmis hækkun á virðisaukaskatti á gistingu. Gallinn er sá að það fattar það enginn,“ nefnir Margeir og bætir við: „Þegar breytingin tekur gildi um áramótin verða greidd sömu vörugjöld af bílaleigubílum og öðrum fólksbílum. Þá verður bílaleigubíllinn eina atvinnutækið á Íslandi sem greidd eru full vörugjöld af. Fyrir bílaleigurnar er það auðvitað galið.“

Hann segir að áhrifin af hækkuninni verði væntanlega þau að bílaleigurnar muni í auknum mæli flytja bíla sjálfar inn. „Þær munu einfaldlega spyrja sig: Hvar næ ég í ódýrasta bílinn? Ég held að þessi breyting verði mun alvarlegri fyrir bílaumboðin heldur en bílaleigurnar. Ef maður lítur til síðustu fjögurra ára hafa bílaleigurnar keypt um 45 til 50 prósent af heildarsölu bílaumboðanna. Það verður rosalega þungt högg fyrir umboðin að missa þennan spón úr aski sínum.“

VIÐ PRENTUM

TÍMA
RIT

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur




Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa og rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

**Hafðu samband við viðskiptastjóra okkar í síma 5 950 300 og við komum þínum hugmyndum í framkvæmd.**

**WWW.ISAFOLD.IS**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA SUÐURHRAUNI 1, 210 GARÐABÆ — PRENTUN Í 140 ÁR

# Rokkari og keppnismaður sem þolir ekki að sjá rauðar tölur

## Svipmynd

**Ófeigur Friðriksson**

Ófeigur Friðriksson er sölu- og þjónustustjóri hjá bílaleigunni Avis en í síðasta mánuði hóf fyrirtækið að bjóða upp á deilibílaþjónustu innan höfuðborgarsvæðisins undir merkjum Zipcar á Íslandi. Er Reykjavík fyrsta borgin á Norðurlöndunum þar sem boðið er upp á deilibílaþjónustu Zipcar. Ófeigur, sem hlustar aðallega á rokk þegar hann er í ræktinni, situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Það er tvennt sem hefur komið mér skemmtilega á óvart. Annars vegar voru það alþjóðleg verðlaun sem við hjá AVIS á Íslandi fengum á ráðstefnu hjá AVIS Budget Group í síðustu viku í Aþenu. Þá vorum við valin Licensee of the year 2017 sem er auðvitað gríðarlegur heiður fyrir allt starfsfólk fyrirtækisins. Sérstaklega í ljósi þess að það er auðvitað búin að vera gífurleg aukning hjá okkur og höfum við þurft mikil klókindi til þess að halda utan um hana, það hefur tekist og því fengum við þessi verðlaun. Einnig hefur verið frábært að sjá viðbrögð fyrirtækja og almennings við Zipcar, sem er deilibílaþjónusta sem við opnuðum í síðasta mánuði. Það er gífurleg spenna fyrir þessu verkefni á markaðnum og við hlökkum mikið til að keyra þessa þjónustu áfram sem er auðvitað nýjung á Íslandi.



Ófeigur Friðriksson, sölu- og þjónustustjóri hjá Avis sem býður upp á deilibílaþjónustu Zipcar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Spotify mikið, sérstaklega þegar ég er að hreyfa mig. Stórkostlegt app sem hefur eiginlega gert það að verkum að ég er virkilega farinn að hlusta á tónlist aftur af einhverju viti. Mér finnst frábært að nota það til þess að svala forvitni um ýmsar tónlistarstefnur. Svo nota ég auðvitað fleiri öpp eins og Facebook, Zipcar appið, Workplace og Kelduna svo dæmi séu tekin. Mér finnst öpp svo frábær að stundum er hreinlega þægilegra að vinna í þau heldur en að vinna í tölvunni. Framtíðin er svolítið í appinu.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Langbest finnst mér að vera í faðmi fjölskyldunnar. Það er gæðastund þegar öll fjölskyldan er saman, hvort sem er við matarborðið, á skíðum, að fylgjast með íþróttamótum hjá börnunum, ferðast eða fleira í þeim dúr. Það gefur mest. Þó ég sé ofboðslega ungur, að minnsta kosti í anda, þá held ég að það því eldri sem maður er, því betur kunni maður að meta slíkar stundir þar sem öll fjölskyldan er saman komin. Svo eru gæðastundir með betri helmingnum auðvitað frábærar. Okkur finnst gaman að fara saman á tónleika, út að borða, saman á skíði eða jafnvel stelast til útlanda saman.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Þetta er allt hætt að gerast að sjálfu sér, þannig að ég fer á hverjum degi eftir vinnu annaðhvort í Reebok Fitness eða að hjóla. Svo fer ég líka stundum um helgar. Í mínum huga er líkamsræktin ekki bara fyrir líkamann, þetta er líklega besti sálfræðingur sem til er.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég er voðalegur rokkari, því þyngra því betra. Sem mikill Mike Patton aðdáandi þá er ég að hlusta svolítið á Dead Cross þessa dagana, en það geri ég aðallega í ræktinni því ég er oftast úthrópaður sem smekkleysingi þegar ég botna mína tónlist heima! Annars á ég það líka til að hlusta á léttara rokk og jafnvel létta lounge tónlist og fönk.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Já, algjörlega. Er að vinna hjá frábæru fyrirtæki sem er gífurlega framsækið, með frábæru samstarfsfólki og í hröðu og lifandi starfsumhverfi. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sölu og þjónustu og ég þrífst á því að vinna í miklum hraða. Ég er með hrikalega mikinn metnað til þess að ná árangri, gera betur en áður. Það sem er svo skemmtilegt við sölu og þjónustu er að það er hægt að mæla árangurinn. Ég er mikill keppnismaður og þoli ekki að sjá rauðar tölur, ég vil hafa þær allar grænar. Það er að takast nokkuð vel þessi misserin, þökk sé frábærum og metnaðarfullum samstarfsfélögum. Er hægt að biðja um mikið meira en það?

# Spennandi samstarf Bandaríkjanna og Rússlands



**Björn Berg Gunnarsson,**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Geimhöfn á braut um tunglið er á teikniborði NASA og rússnesku geimvísindastofnunarinnar Roscosmos. Slík aðstaða er sögð forsenda mannaðra geimferða til Mars og víðar auk þess sem framkvæmdir og rannsóknir á tunglinu verða fýsilegri. Vonir eru bundnar við að framkvæmdir geti hafist á fyrri hluta næsta áratugar.

Þótt um afar ánægjulegar fréttir sé að ræða vekur tilkynningin um samstarf þessara fornu fjenda óneitanlega upp spurningar. Þrátt fyrir farsælt samstarf ríkjanna í Alþjóðlegu geimstöðinni (ISS) undanfarna áratugi andar köldu milli ríkjanna þessa dagana og geimrannsóknir eru fjarri því í forgangi hjá leiðtogunum Trump og Putin.

### 70 prósenta niðurskurður

Útgjöld NASA hafa lítið breyst að raunvirði undanfarna þrjá áratugi en sem hlutfall af fjárlögum hafa þau stöðugt lækkað og verða á næsta ári um 0,4% útgjalda ríkisins.

Rússar hafa skorið fjárfestingar til Roscosmos niður um tæp 70% frá því fyrir hina miklu lækkun olíuverðs um árið og hafa slegið meiriháttar verkefnum á borð við mannaðar tunglferðir og framkvæmdir á yfirborði tunglsins á frest. Fjárheimildir stofnunarinnar eru í dag einungis 12% af því sem NASA hefur úr að spila en árið 2014 stóð til að koma hlutfallinu fljótlega upp í 50%.

### Dýrasta geimverkefnið

Ekkert hefur verið gefið út varðandi hugsanlegan kostnað við geimhöfnina en ljóst er að um langdýrasta geimverkefni sögunnar verður að ræða. Til samanburðar kostaði Apollo tunglferðaáætlunin á 7. og 8. áratugnum um 15.000 milljarða króna á verðlagi dagsins í dag og ISS örlítið meira. Þrátt fyrir kostnaðinn við ISS er hún einungis 400 km frá jörðu en tunglið tæplega 1.000 sinnum lengra í burtu.

### Hlutverk einkaaðila

Árleg útgjöld allra geimferðastofnana jarðar eru samtals um þriðjungur kostnaðarins við byggingu ISS og því hljótum við að spyrja okkur hver á að borga fyrir hina nýju geimhöfn við tunglið. Með því fyrsta sem NASA og Roscosmos hafa komið sér saman um er að samræma allar tæknilegar útfærslur þannig að fleiri geti komið að verkefninu og nýtt sér stöðina. Hver veit nema einkaaðilar á borð við Elon Musk og SpaceX geti komið að framkvæmdinni en þeim hefur tekist að draga umtalsvert úr kostnaði við minni háttar geimverkefni að undanförnu. Vissulega er ferð til sporbrautar tunglsins af allt annarri stærðargráðu en þjónusta við gervihnetti og geimstöðvar við jörðina en miðað við hversu vel hefur gengið er mikið hagsmunamál að einkaaðilar leiki stórt hlutverk í þessu spennandi samstarfsverkefni Rússa og Bandaríkjamanna.

ó v i ð v j g e r u m k a s æ l y e d æ v æ e a
f f l ó k i n n b l h l u t c ó þ þ v y e g j o
k e i n f a l d a n i b o æ v i c r n s h ó f c
d ö u y g n m v t r d r ö h v v ö c m u o ó n o

VIÐ ERUM TÖLVUDEILD YFIR 400 FYRIRTÆKJA

Daglegur rekstur á tölvukerfum ásamt hýsingu gagna og hugbúnaðar eru okkar ær og kýr.
Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Við erum óháð vélbúnaðar- og hugbúnaðarframleiðendum og þannig tekur okkar ráðgjöf eingöngu mið af hagsmunum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið: 460 3100 / sala@thekking.is

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

# 30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum





Hæðarstillanleg rafdrifin borð stuðla að betri líkamsstöðu og bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

# Skotsilfur

## Átök í Skeljungi



Mikið hefur gengið á innan olíufélagsins Skeljungs að undanförnu. Aðeins nokkrum vikum eftir að tilkynnt var um að Valgeir Baldursson myndi láta af störfum sem forstjóri var greint frá því að **Sigurður Orri Jónsson**, sem hefur verið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, myndi sömuleiðis yfirgefa olíufélagið. Að sögn kunnugra hafði Sigurður Orri, sem er vinur Jóns Diðriks, stjórnarformanns Skeljungs, augastað á forstjórastólnum en þess stað var Hendrik Egholm, framkvæmdastjóri dótturfélags Skeljungs í Færeyjum, ráðinn í starfið. Þá hefur Lúðvík Björgvinsson, forveri Sigurðar Orra í starfi, einnig hætt eftir tæplega 30 ára störf hjá Skeljungi, síðast sem viðskiptastjóri, sem þykir talsverð blóðtaka fyrir félagið.

## Enginn aukvisi



Þrír nýir stjórnarmenn, Gísli Heimisson, Magnús E. Björnsson og **Eric A. Stubbs**, tóku sæti í stjórn íslenska fjármálatæknifyrirtækisins Monerium í síðasta mánuði. Stubbs þessi hefur á undanförnum árum starfað hjá mörgum þekktustu stórbönkum heims og starfar í dag sem sjóðsstjóri í eignastýringardeild Royal Bank of Canada. Þar áður stýrði hann eignastýringarþjónustu fjárfestingarbankans Bear Stearns sem var seldur til JP Morgan vorið 2008. Á meðal stofnenda Monerium eru þeir Jón Helgi Egilsson og Sveinn Valfells.

## Kom á óvart



Óhætt er að segja að skipun **Kristrúnar Mjallar Frostadóttur**, hagfræðings Viðskiptaráðs Íslands, og Þórólfs Matthíassonar í verðlagsnefnd búvara hafi komið á óvart. Viðskiptaráð og Þórólfur hafa um árabil verið ötulir andstæðingar landbúnaðarkerfisins. Skipanin féll í grýttan jarðveg hjá bandamönnum kerfisins en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lýsti henni sem „stríðsyfirlýsingu við bændur“. Hann getur þó prísað sig sælan að fulltrúar bænda fara enn með meirihluta í nefndinni.

# Hagnaður sænsku fatakeðjunnar dregst saman




Stjórnendur sænsku fatakeðjunnar Hennes & Mauritz sögðu í vikunni að aukin netverslun hefði rýrt afkomu keðjunnar og dregið úr sölu á þriðja fjórðungi ársins. Hagnaður H&M, sem er næststærsta fatakeðja í heimi, dróst saman um tuttugu prósent á tímabilinu. Um var að ræða meiri samdrátt en búist var við. Stjórnendurnir hyggjast loka hátt í níutíu verslunum í ár til að bregðast við gjörbreyttu umhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Eymdarvísitala Íslands sjaldan verið lægri



**Valdimar Ármann**
forstjóri GAMMA Capital Management

Eymdarvísitalan, sem búin er til af hagfræðingnum Arthur Okun og nefnist á ensku misery index eða economic discomfort index, er einfaldur mælikvarði yfir almenna stöðu íbúa landa (nokkurs konar lífskjör) og stöðu hagkerfisins. Vísitalan er reiknuð með því að leggja saman atvinnuleysi og verðbólgu og eftir því sem gildið á henni er lægra gefur það til kynna betri stöðu en hærra gildi bendir til verri stöðu.

Í rauninni er hægt að túlka niðurstöður vísitölunnar á nokkra vegu, til dæmis gefur hún bæði vísbendingu um lífskjör almennings í hverju landi fyrir sig, sem og efnahagslega stöðu landsins. Lítið atvinnuleysi samhliða lágri verðbólgu gefur til kynna að atvinnumöguleikar séu góðir og þær tekjur sem aflað er rýrist ekki í verðbólgu, samtímis því að vera afleiðing af góðri efnahagslegri stöðu og kröftugum hagvexti. Á hinn bóginn er hátt atvinnuleysi og há verðbólga ávísun á verri lífskjör og almenna óánægju og gefur til kynna slæma efnahagslega stöðu.

Í lok árs 2008 fór vísitalan yfir 20 sem var að mestu leyti vegna mjög hárrar verðbólgu í kjölfar veikingar krónunnar en síðan hefur vísitalan lækkað jafnt og þétt. Til samanburðar hefur vísitalan í Bandaríkjunum einu sinni farið yfir 20 en það var árið 1980 og árin 2010 til 2012 var hún á bilinu 12 til 13 en er í dag um 6. Á Íslandi er eymdarvísitalan nú rúmlega 4 og hefur sjaldan verið lægri enda er það þannig að lítið atvinnuleysi fer oft ekki saman með lágri verðbólgu.

Síðast fór vísitalan undir 5 árið 1998 en þá var atvinnuleysi og verðbólga á mjög svipuðum slóðum og í dag. Í síðustu viku kom mæling á vísitölu neysluverðs frá Hagstofu Íslands sem var heldur lægri en búist var við. Mælist ársverðbólgan nú 1,4%, en án húsnæðis mælist hins vegar 3,1% verðhjöðnun. Það er því bæði atvinnuleysi og verðbólga sem hefur verið að lækka og stuðla að lægri eymdarvísitölu en við höfum áður séð.

### Eymdarvísitalan




Eymdarvísitalan er einfaldur mælikvarði og ber að taka niðurstöðunni sem slíkri, þ.e. einföldu mati á stöðunni. Til eru endurbættar útgáfur af eymdarvísitölunni sem felast til dæmis í því að bæta við vaxtakjörum og draga síðan frá ársbreytingu í vergri landsframleiðslu á hvern íbúa. Hugmyndin er þá sú að hærri vaxtakjör bæti við eymdina ásamt háu atvinnuleysi og hárri verðbólgu en hár hagvöxtur dragi úr eymdinni. Má í því sambandi nefna að raunvextir á löngum verðtryggðum ríkisbréfum voru árið 1998 um fjögur prósent en eru í dag rúmlega tvö prósent. Einnig hefur verið sett fram að ekki eigi að jafnvigta atvinnuleysi og verðbólgu þar sem hærra atvinnuleysi hefur neikvæðari áhrif en hærri verðbólga.

En þrátt fyrir einfaldleikann má sjá á einfaldan hátt að staðan er góð á Íslandi og að almennt hafi landsmenn það gott á þann hátt að flestir hafa atvinnu og tekjurnar eru ekki rýrðar í verðbólgu. Í samanburði á eymdarvísitölunni við erlend ríki má sjá að þau sem skora verst í eymdarvísitölunni eru þau þar sem efnahagsleg óstjórn og óstöðugleiki er mestur, og þar ríkir raunveruleg eymd.

# Í fréttum er þetta helst ...



**Rakel Sveinsdóttir,**
formaður FKA

Árið 1937 voru aðildarfélagar Blaðamannafélags Íslands tuttugu talsins. Þetta voru þá blaðamenn helstu dagblaða í Reykjavík og innan hópsins var ein kona. Sem betur fer hefur mikið breyst síðan þá, enda get ég ekki ímyndað mér hversu einsleitir fjölmiðlar væru ef 95% starfsmanna frétta væru eingöngu karlar. Persónulega tel ég líka að aukin hlutdeild kvenna í fjölmiðlum hafi aukið fjölbreytileika efnis og umræðu svo um munar. Með fleiri konum í fjölmiðlum höfum við hreinlega uppskorið meira, betra og fjölbreyttara efni.

En við þurfum ekki aðeins að fjölga konum innan fjölmiðla, heldur einnig í hópi viðmælenda. Þar er oft talað um að hlutföllin séu 70:30, karlmönnum í vil. Undantekning var þó fjölmiðladagur FKA í fyrra. Þá tóku fjölmiðlar svo rækilega þátt, að konur urðu nánast allsráðandi í umræðunni og mjög áberandi í öllum tegundum miðla. Tvennt gerðist í kjölfarið: í fyrsta lagi víxluðust kynjahlutföllin í ljósvakafréttum, konum í vil. Þetta teljum við vera einsdæmi í heiminum. Hins vegar staðfesti góð þátttaka fjölmiðla áhuga þeirra og vilja til að jafna stöðu kynjanna í umræðunni. Við konurnar stöndum líka alveg undir því að taka meiri þátt. Við erum virkar á öllum sviðum atvinnulífs, í stjórnmálum, erum vel menntaðar og stöndum jafnfætis öðrum sem álitsgjafar.

Jöfn ásýnd kynja í fjölmiðlum getur líka leitt til hraðari breytinga í svo mörgu. Ég nefni sem dæmi hraðari árangur í að jafna hlutdeild kynja í stjórnunarstöðum, í launum eða í stjórnmálum. Í dag er fjölmiðladagur FKA 2017 og er sérlegur gestur okkar Mary Hockaday frá BBC. Mary mun hitta fyrir fjölmiðlafólk, FKA konur og fleiri, en í tilefni dagsins hvet ég líka fjölmiðla til að ræða við sem flestar konur, hvert svo sem viðfangsefnið er.

Markmiðið er að víxla kynjahlutföllum viðmælenda í einn dag, eins og í fyrra. Í þetta sinn hefur Jafnréttisráð Evrópu óskað eftir upplýsingum um hvernig til tekst. Það er því aldrei að vita nema að þetta sameiginlega verkefni FKA og fjölmiðla um aukna ásýnd kvenna í fjölmiðlum, endi með að verða öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Háleit hugmynd en ekki fráleit. Eða hvað finnst ykkur?


FRÁBÆR TILBOÐSVERÐ
Í SAMVINNU VIÐ
wagner
ÞÝSK HÖNNUN
EINSTÖK GÆÐI
Fagaðilar mæla eindregið með Wagner
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
-35%
ERGOMEDIC 100-2
199.900 kr.
129.900 kr.
Höfuðpúði seldur sér
Dondola®
Einu stólarnir með
360°
Dondola veltitækninni
10 ára ábyrgð*
-35%
ERGOMEDIC 100-3
169.900 kr.
109.900 kr.
*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola
SITJUM Á HREYFINGU!
Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar
360°
VELTITÆKNI
KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU
ALUMEDIC 15
234.900 kr.
149.900 kr.
-35%
ALUMEDIC 10
197.900 kr.
127.900 kr.
-35%
ALUMEDIC 5
196.900 kr.
127.900 kr.
-35%
MYNDFORM GRAFÍK
NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16
Þið finnið okkur á Facebook
Hirzlan
GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR
Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. október 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Lýðskrum

**Nú eru kosningar** fram undan og fulltrúar flokkanna komnir í gírinn. Þannig skundaði fyrsti maður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík í útvarpið og lýsti því yfir að aðalmálið í þessum kosningum væri kynferðisofbeldi gegn börnum. Formaður Vinstri grænna lét svo ekki sitt eftir liggja en hún ætlar að láta baráttuna gegn bónusum í fjármálakerfinu á oddinn í kosningabaráttunni.

**Samfylkingin** er eins og fólk man flokkurinn sem allt að því þurrkaðist út í síðustu kosningum. Það telst nánast vera afrek í landi á borð við Ísland þar sem nánast allir geta að minnsta kosti að einhverju leyti sætt sig við sósíaldemókratískar áherslur. Auðvitað eru allir á því að það eigi að vera í algerum forgangi að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum. Þá skiptir engu máli í hvaða flokki það er. Kannski var einmitt þetta ein af ástæðum niðurlægingar Samfylkingarinnar? Almennar staðhæfingar um sjálfsagða hluti. Ekkert kjöt á beinunum.

**Útspil formanns VG** er af sama toga. Staðreyndin er einfaldlega sú að á Íslandi eru borgaðir lægstu bónusar úr fjármálafyrirtækjum sem þekkist á byggðu bóli. Kaupaukar mega í mesta lagi nema 25% árslauna þess starfsmanns sem um ræðir, innan Evrópusambandsins er hlutfallið 100% en 200% í Bretlandi. Bónusa þarf jafnframt að greiða yfir þriggja ára tímabil.

**Þannig má** sem dæmi segja að starfsmaður með 1,5 milljónir á mánuði, sem telst dágott, fær í sinn hlut 4,5 milljónir að því gefnu að hann nái efsta þrepi. Það greiðist svo á þremur árum, þannig að greiðsla fyrsta árið nemur að frádregnum skatti rétt tæpri milljón aukalega. Varla er þetta hið stórkostlega hneyksli sem Katrín hyggst uppræta?

**Einnig má** velta því fyrir sér hvert hún beinir sjónum sínum næst, en eins og allir vita hefur lengi tíðkast að greiða svokallaða desemberuppbót á almennum vinnumarkaði. Vafalaust á hið sama við um það, eða kannski ekki, enda er þar ekki um bankamenn að ræða?

**Vonandi sjá** kjósendur í gegnum svona lýðskrum. Kosningarnar sem fram undan eru eiga ekki að snúast um bónusa, enda eru þeir ekki raunverulegt vandamál, þær eiga heldur ekki að snúast um klisjur úr munni pólitíkusa sem hafa skulu það sem betur hljómar. Kosningarnar eiga að snúast um raunveruleg vandamál, og raunverulegar lausnir. Lýst er eftir pólitíkusum með slíkar áherslur.

# Eyþór Arnalds í stjórn Árvakurs


Eyþór Arnalds

Eyþór Arnalds fjárfestir tók í liðinni viku sæti í stjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Einkahlutafélagið Ramses II, sem er í eigu Eyþórs, er stærsti einstaki hluthafi Þórsmerkur, eiganda Árvakurs, með 22,87 prósenta hlut.

Eyþór kom nýr inn í stjórnina í stað Friðbjörns Orra Ketilssonar sem setið hefur í stjórn Árvakurs frá árinu 2015.

Félag Eyþórs fór inn í hluthafahóp Þórsmerkur í apríl þegar félagið keypti eignarhluti útgerðarfélaganna Samherja, Síldarvinnslunnar og Vísis.

Fyrir í stjórn Árvakurs sitja þau Sigurbjörn Magnússon stjórnarformaður, Ásdís Halla Bragadóttir, Bjarni Þórður Bjarnason og Katrín Pétursdóttir.

Félagið Hlynur A, í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, útgerðarkonu í Vestmannaeyjum, er næststærsti hluthafi Þórsmerkur með 16,5 prósenta hlut en þar á eftir kemur félag í eigu Kaupfélags Skagfirðinga með 15,84 prósenta hlut. – kij

02.10.2017

**Hvernig ætlum við að taka á bónusunum nema einmitt með því að skattleggja ofurtekjur sem slíkar? Byrjum þar.**

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs







MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND OG BETRA VIÐMÓT

APPLE TV Á 0 KR.



**með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

VALITOR

Nánar á 365.is eða í síma 1817.




MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365

ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BÍLAMARKAÐURINN STOFNAÐ 1974



JAGUAR FX. Árgerð 2012, ekinn 51 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. leður.bakkmyndavel, 20" felgur Verð 4.990.000. Rnr.224394. billinn stendur á BÍLAMARKAÐNUM 5671800



SJÁLFSKIPTUR. VW Transporter diesel . Árgerð 2012, ekinn 145 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur Verð 2.290.000. Rnr.270006.Billinn er a á staðnum, BILAMARKADURINN 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



**TIL SÖLU**

Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný timareim, 6 manna bill. Billinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið sögustund. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**

Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.






## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsasmiður með 19 ára reynslu. Tek að mér parketlagnir og uppsetningu á hurðum og innréttingum. Þórður S. 842 5077

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

**mýranaut**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Verslunar eða þjónusturými til leigu, sameiginlegur inngangur, götuhæð rétt við Laugaveg upplýsingar icgusta@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**WORKERS**

I need workers for outside work. Good payment for good men. Potrzebni ludzie do pracy na zewnatrz przy ukladaniu kostki itp. Bardzo duzo pracy.

**For more infomation call 696 6676**

**bjossi@bjossi.is**

**LITALÍNAN EHF**

Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu einnig nema. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445



**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Nám

# Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám**

Erhvervsakademiet Lillebælt heldur kynningu á námi við skólann **miðvikudaginn 4. október kl. 20:00 í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 í Reykjavík**

**Eftirfarandi fagsvið námsgreina verða kynnt:**

- Byggingatæknigreinar
- Framleiðslu- og tæknigreinar
- Ferðamála- og íþróttagreinar
- Viðskipta- og fjármálagreinar
- Sölu- og markaðsgreinar
- Tölvu- og fjölmiðlunargreinar
- Landbúnaðarframleiðsla og tengdar greinar

**Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.eal.dk. Kennt er ýmist á ensku eða dönsku.**

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur þá möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. **Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is**

LILLEBAELT ACADEMY OF HIGHER PROFESSIONAL EDUCATION

Erhvervsakademiet Lillebælt
Seebladsgade 1
5000 Odense C
Danmark
Tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns í Hafnarfirði – Nýr byggingarreitur og reitur fyrir gáma Skútahrauni 6

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 19. 09. 2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Skútahrauni 6 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns í Hafnarfirði.**

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að nýjum byggingarreit er komið fyrir á lóðinni, sem heimilar byggingu æfingahúss fyrir reykköfun og björgunarstörf. Einnig er afmarkaður reitur fyrir geymslugáma á lóðinni.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 04.10. til 15.11. 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar **hafnarfjordur.is**. Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 15.11. 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR




Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



Frábær árangur á yfirstandandi **TT** námskeiðum

# Tölurnar tala skýru máli!

*Krafturinn, gleðin og ánægjan ekki síður*

Komdu þú getur þetta líka!

**Næstu námskeið hefjast 8. október**

**Skráning í síma 581 3730 eða jsb@jsb.is**

**Kynntu þér fjölbreytt úrval af námskeiðum og opnum tímum á jsb.is**

**Mótun BM**

Áhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir kvið, rass- og lærvöðva.

**Einkaþjálfun**

Þjálfarar JSB eru fagmenn og vita nákvæmlega hvað þarf til að ná settum markmiðum og aðstoða við aðhald ef þess er óskað.

**Fit Form 60 og 75 ára+**

Alhliða líkamsrækt sem stuðlar að auknu þreki, þoli, liðleika og frábærri líðan.

**Opna kerfið 1-2-3**

Bjóðum röð af 30 mínútna krefjandi tímum í opna kerfinu.

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB

leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is •* ***www.jsb.is***

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Í dag kólnar á landinu í hvassri norðanátt og fyrir norðan mun rigna talsvert á láglendi, en til fjalla mun snjóa. Sunnan- og vestanlands verður dagurinn að mestu leyti þurr og bjartur.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 4° |
| → 5 | → 9 | → 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 7° | 1° |
| → 7 | ↘ 10 | ↘ 5 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 3° |
| ↖ 13 | ← 5 | ← 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 5° | 2° |
| ↑ 3 | ← 7 | ↑ 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ryk
6. spil
8. stúlka
9. blessun
11. á fæti
12. móhraukur
14. gróðabrall
16. sjó
17. sönghópur
18. annríki
20. kusk
21. mannsnafn

**LÓÐRÉTT**
1. sía
3. umhverfis
4. öryggisbelti
5. knæpa
7. grátbiðja
10. ónotaður
13. draup
15. málmur
16. afbrot
19. númer




**LÁRÉTT:** 2. kusk, 6. ás, 8. mær, 9. lán, 11. tá, 12. drýli, 14. brask, 16. sæ, 17. kór, 18. önn, 20. ló, 21. karl. **LÓÐRÉTT:** 1. sáld, 3. um, 4. sætisól, 5. krá, 7. sár-bæna, 10. nýr, 13. lak, 15. króm, 16. sök, 19. nr.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnús Pálmi Örnólfsson (2.227) átti leik gegn Jóhanni H. Ragnarssyni (2.032) á Haustmóti TR fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**19. Hc3!!** Glæsileg drottningarfórn. **19...Ra6** (19...Dxa4 20. Bc7+ Kc8 21. Bh3+ Dd7 22. He8#) **20. Da5+ 1-0.** Magnús Pálmi stóð sig afar vel á mótinu. Á heimasíðu TR, taflfelag.is, má finna fantagóða úttekt um mótið.

**www.skak.is:** Íslandsmót ungmenna um helgina.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
5%

FLATLINERS — SÝND KL. 8, 10.20
UNDIR TRÉNU — SÝND KL. 6, 8
Kingsman The Golden Circle — SÝND KL. 10
SONUR STÓRFÓTAR — SÝND KL. 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Reese Witherspoon — Home Again
Besta rómantíska gamanmynd ársins!
Colin Firth, Julianne Moore, Taron Egerton, Channing Tatum — Kingsman The Golden Circle
The LEGO Ninjago Movie — Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku og ensku tali
Úr smiðju Stephen King — IT
Jennifer Lawrence, Javier Bardem — mother!
Ryan Reynolds, Samuel L. Jackson — The Hitman's Bodyguard
DUNKIRK

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| HOME AGAIN VIP | KL. 5:50 - 8 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| KINGSMAN 2 | KL. 6 - 9 |
| KINGSMAN 2 VIP | KL. 10:10 |
| IT | KL. 6 - 9 |
| MOTHER! | KL. 7:40 - 10:10 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 10:10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| KINGSMAN 2 | KL. 5 - 7:50 - 10:40 |
| IT | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| MOTHER! | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 8 |
| KINGSMAN 2 | KL. 10:10 |
| IT | KL. 10:10 |
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 6 - 8:10 - 10:20 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 6 |
| LEGO NINJAGO ENSKT TAL | KL. 5:40 |
| IT | KL. 8:20 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| IT | KL. 7:20 - 10:10 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. OKTÓBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kammerkór Seltjarnarneskirkju: Feðgar á ferð og flugi
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Skálholtskirkju
Í kvöld heldur Kammerkór Seltjarnarneskirkju hausttónleika í Skálholtskirkju. Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson, organisti Seltjarnarneskirkju.

**Hvað?** Útgáfutónleikar: Þjóðlagasveitin Kólga
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hosteli
Þjóðlagasveitin Kólga heldur tónleika í Gym&Tonic sal Kex Hostels til að fagna útkomu fyrstu plötu sveitarinnar, samnefndri henni. Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Blood Incantation, Spectral Voice, Morpholith
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gauknum, Tryggvagötu

**Hvað?** Kjallaradjass // Cellar jazz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallaranum
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjassi á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir.

**Hvað?** Kvartett Ólafs Jónssonar á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Á næstu tónleikum Múlans kemur fram kvartett saxófónleikarans Ólafs Jónssonar. Hann fagnar nú um þessar mundir útgáfu á fyrsta geisladiski í sínu nafni sem ber titilinn „Tími til kominn“. Um er að ræða verk sem Ólafur hefur samið á undanförnum tuttugu árum þar sem blandað er saman ólíkum tónlistarstefnum á frumlegan máta. Ný íslensk djasstónlist sem bæði er frjáls en þó hefðbundin. Ásamt honum koma fram píanóleikarinn Agnar Már Magnússon, Þorgrímur Jónsson á bassa og trommuleikarinn Scott McLemore.


Improv Ísland byrjar veturinn.

### Viðburðir

**Hvað?** Menning á miðvikudögum í Kópavoginum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafni Kópavogs
Kristín Steinsdóttir ræðir um bækur sínar og les upp úr og segir frá nýrri bók sinni, Ekki vera sár, í notalegu umhverfi aðalsafns Bókasafns Kópavogs.

**Hvað?** Frumsýning með kvikmyndaþema í tilefni RIFF
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallaranum
Fyrsta sýning leikársins hjá spunaleikhópnum Improv Ísland verður með óhefðbundnu sniði þar sem hópurinn mun spinna á staðnum, út frá uppástungum áhorfenda, spunaverk og söngleik í anda kvikmyndanna. Hver sýning hópsins er einstök, ekkert hefur verið ákveðið fyrirfram og sýningin verður aldrei endurtekin. Sýningin mun fara fram á íslensku.

**Hvað?** Fræðslufundur Vitafélagsins: Konur og strandmenning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húsnæði Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur, Grandagarði
Tvö erindi verða flutt í kvöld, annars vegar mun Marzibil Erlendsdóttir vitavörður flytja erindið Vitavarsla á Dalatanga á síðari tímum og hins vegar Guðrún Arndís Jónsdóttir, stjórnarmaður í félaginu Konur í sjávarútvegi, ræða markmið félagsins og viðfangsefni.

**Hvað?** Útgáfuhóf í Gunnarshúsi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshúsi, Dyngjuvegi
Guðmundur S. Brynjólfsson sendir hér frá sér skáldsöguna Tímagarðinn þar sem við kynnumst reynsluheimi íslenskra karlmanna sem skrölta hringveginn á gömlum Rambler. Valgarður Egilsson rithöfundur skoðar samfélagið frá jaðrinum, með augum þeirra sem eru utangarðs, ungir og smáir í nýju smásagna- og ævintýrasafni sem hlotið hefur nafnið Ærsl. Þá kynna ljóðskáldin Knud Ødegård og Sigríður Helga Sverrisdóttir splunkunýjar bækur sínar, Þunna torfan sem ég stend á og Haustið í greinum trjánna. Það er sem fyrr Hjörtur Pálsson sem þýðir ljóð Ødegårds.

**Hvað?** Listfræðafélagið kynnir: Kynusli / Genderfuck í Gallerí 78
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Galleríi 78, Suðurgötu
Í dag klukkan 12.00 mun Magnús Gestsson flytja annan fyrirlesturinn í fyrirlestraröðinni Miðill – efni – merking á vegum Listfræðafélagsins. Titill fyrirlestrarins er Kynusli / Genderfuck í Galleri 78 og mun Magnús leggja út af verkum Öldu Villiljóss sem nú sýnir í Galleri 78.

**Hvað?** Lífsstílskaffi | Betri svefn – grunnstoð heilsu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Á fyrsta lífsstílskaffi vetrarins fjallar dr. Erla Björnsdóttir um mikilvægi svefns fyrir andlega og líkamlega heilsu ásamt því að kynna nýútkomna bók sína, Svefn, þar sem fjallað er um algeng svefnvandamál og góðum svefnvenjum lýst.


Góða skemmtun í bíó


Apótek Hafnarfjarðar er flutt að Selhellu 13 í Hafnarfirði
Verið velkomin í sömu góðu þjónustuna


Reykjavík International Film Festival
5 DAGAR EFTIR
RIFF
28. SEPT.–8. OKT. 2017
SÝNINGASTAÐIR/VENUES:
HÁSKÓLABÍÓ/NORRÆNA HÚSIÐ
KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNNA Á RIFF.IS


BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Good Time ........ 18:00, 22:45
The Big Sick ........ 17:45
Stella í Orlofi ........ 18:00
Volta ........ 20:00
The Square ........ 20:00, 22:00
Vetrarbræður ........ 20:00
Eg Man Þig ........ 22:15











Gunnar Helgason segir að það sé vandamál hversu illa barnabækurnar skili sér til barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vekja athygli á gildi barnabóka

## Barnabókin er svarið, er yfirskrift málþings um börn, lestur og mikilvægi barnabóka sem haldið er í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Okkur finnst skrítið að í öllu þessu tali um vanda íslenskunnar, minnkandi læsi og bóksölu er aldrei talað um barnabókina. Því má líkja við að mæna upp á topp fjalls sem menn vilja komast á, en gefa ekki gaum að góðum bíl sem stendur við hliðina á þeim og vegi sem liggur upp,“ segir Gunnar Helgason, leikari og rithöfundur, og er mikið niðri fyrir. Hann verður fundarstjóri á málþingi í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag milli klukkan 14 og 17. Það snýst um barnabækur og gildi þeirra í lestrarleikni barna.

„Við vonum að kennarar, bókasafnsstjórar, útgefendur og foreldrar, allir sem koma að menntun barna mæti til okkar og ég skora á stjórnmálamenn og væntanlega frambjóðendur að mæta. Ég sé að fulltrúar þriggja flokka hafa skráð sig og hinir hljóta að taka við sér,“ heldur Gunnar áfram. Þessi við sem hann talar um eru aðstandendur þingsins: Samtök íslenskra unglinga- og barnabókahöfunda (SÍUNG), Reykjavík Bókmenntaborg og Menntamálastofnun.

> **ÞAÐ ER BARA EINN ÁTTUNDI SEM FÆR BÓK, HINIR ÞURFA AÐ NÁLGAST ÞÆR Á BÓKASAFNI EN SÖFNIN ERU SVO FJÁRSVELT AÐ ÞAU GETA EKKI KEYPT BÆKUR NEMA Á BÓKAMÖRKUÐUM OG ÞAÐ ERU BÆKUR SEM KOMU ÚT FYRIR FIMM ÁRUM, SEM KRAKKARNIR HAFA ENGAN ÁHUGA Á.**

Gunnar segir það vandamál hversu barnabækur komist illa til þeirra sem þær eru ætlaðar. Það seljist kannski 3.000 bækur en markhópurinn sé 25.000. „Það er bara einn áttundi sem fær bók, hinir þurfa að nálgast þær á bókasafni en söfnin eru svo fjársvelt að þau geta ekki keypt bækur nema á bókamörkuðum og það eru bækur sem komu út fyrir fimm árum, sem krakkarnir hafa engan áhuga á. Við sem eldri erum viljum lesa nýjustu bækurnar og sjá nýjustu bíómyndirnar og börnin eru alveg eins. Sumar barnabækur verða vissulega sígildar en það kemur ekki í ljós strax. Það gerist á talsverðum tíma.“

Svo tilgreind séu örfá atriði á dagskrá málþingsins þá ætlar Margrét Tryggvadóttir rithöfundur að tala um barnabókina á tímum sífelldra truflana og Dröfn Vilhjálmsdóttir, frá skólabókasafni Seljaskóla, að ræða um stöðu skólasafna á Íslandi.

„Svo er verið að undirbúa heilmikið prógramm í vetur sem snýst um að gera krakka að meiri og betri menningarneytendum með lestri og skrifum. Því lýkur með verðlaunahátíð í vor. Þetta skemmtilega átak mun hann Sindri Bergmann Þórarinsson hjá KrakkarRÚV kynna í dag,“ lýsir Gunnar. Pallborðsumræður um yndislestur hefjast eftir kaffihlé og lokaorðin ætlar svo hinn snjalli Ævar Þór Benediktsson að eiga.


SAMSUNG
QLED TV
EISA AWARD Best Product 2017-2018
SMART TV
Samsung QE55Q7F
L&B LJUD & BILD
Bästa köp
April 2017
Samsung HW-MS660
SAMSUNG
MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
Kr. 69.900,-
Beint eða bogið Hljóðkerfi
Nú hefur Samsung sett bassann inn í soundbarinn.
Aukin gæði og minna umfang.
QLED TV
QLED TV
SAMSUNG
MS661/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
Kr. 69.900,-
Kerfi: 9 hátalarar, Tengimöguleikar: Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in - Anynet+ (HDMI-CEC) Já - Multiroom Link: Já - Dolby Digital: Já - DTS: Já - Fjöldi tónstillinga: 5
SAMSUNG
MS6511/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
Kr. 79.900,-
Kerfi: 9 hátalarar, Tengimöguleikar: Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in - Anynet+ (HDMI-CEC) Já - Multiroom Link: Já - Dolby Digital: Já - DTS: Já - Fjöldi tónstillinga: 5
Samsung QLED is Quantum dot based TV
QLED TV
SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** The Goldbergs
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Undateable
**10.40** My Dream Home
**11.25** Bomban
**12.15** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.45** First Dates
**16.35** Blokk 925
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Grey's Anatomy
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** **Wentworth** Fimmta serían af þessum dramatísku spennuþáttum um Beu Smith og samfanga hennar í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu.
**22.30** Nashville
**23.15** **Crashing** Hressilegir gamanþættir frá HBO sem gerast í New York og fjalla um hinn seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf og ná sér á strik eftir að eiginkonan yfirgefur hann. Með bjartsýni í farteskinu og misgáfuleg ráð vina sinna ákveður hann að reyna fyrir sér sem uppistandari.
**23.50** This Is England '90
**00.35** NCIS
**01.20** The Good Doctor
**02.05** Animal Kingdom
**02.55** The Son
**03.35** The Son
**04.20** The Son
**05.05** The Mysteries of Laura
**05.50** Married
**06.15** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Domino's körfuboltakvöld
**08.20** CSKA Moskva - Manchester United
**09.55** Atletico Madrid - Chelsea
**11.35** Breiðablik - ÍBV
**13.20** West Ham - Swansea
**15.00** Chelsea - Manchester City
**16.40** Premier League Review
**17.35** Gary Neville's Soccerbox
**18.05** Domino's körfuboltakvöld
**19.05** Snæfell - Keflavík
**21.10** Domino's körfuboltakvöld
**22.40** PArsenal - Brighton
**00.20** Stoke - Southampton

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Lazio - Zulte Waregem
**08.40** Maccabi Tel-Aviv - Villarreal
**10.20** Evrópudeildarmörkin
**11.10** Paris St. Germain - Bayern Munchen
**12.50** Sporting - Barcelona
**14.30** Denver Broncos - Dallas Cowboys
**17.10** New England Patriots - Carolina Panthers
**19.30** Newcastle - Liverpool
**21.10** Messan
**22.30** Hertha Berlin - Bayern Munchen
**00.15** Þýsku mörkin
**00.45** Domino's körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**17.45** New Girl
**18.10** The New Adventures of Old Christine
**18.35** The League
**19.00** Modern Family
**19.25** Veistu hver ég var?
**20.10** Besta svarið
**20.55** Man vs. Wild
**21.40** Supernatural
**22.25** Cold Case
**23.10** Angie Tribeca
**23.35** Luck
**00.25** Banshee
**01.10** Modern Family
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Tindur
**17.11** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**17.25** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.47** Stóri og Litli
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Peter and Petra



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** Presidents Cup
**14.15** Presidents Cup
**20.15** Golfing World
**21.05** PGA Highlights
**22.00** Tour Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.20** Ingenious
**14.50** The Fits
**16.05** A Royal Night Out
**17.40** **Ingenious** Gamanmynd frá 2009 sem fjallar um sanna sögu tveggja vina, uppfinningamanns og sölumanns, sem dreymdi um að slá í gegn með nýju hjálpartæki. Það eru þau Dallas Roberts, Jeremy Renner og ísraelska leikkonan Ayelet Zurer sem fara með aðalhlutverkin í þessari sannsögulegu mynd um þá Matt og Sam sem eins og svo marga dreymdi um að gera það gott með því að finna upp og selja sína eigin vöru.
**19.10** The Fits
**20.25** A Royal Night Out
**22.00** **Serena** Jennifer Lawrence og Bradley Cooper leika hjónin Serenu og George sem flytja til Norður-Karólínu til að endurbyggja timburfyrirtæki foreldra hans. Fyrirtækið hafði farið illa eftir kreppuna árið 1929 en þau hjónin einsetja sér að byggja það upp og ná fyrri hagsæld.
**23.50** To Write Love On Her Arms
**01.30** The Exorcism Of Molly Hartley
**03.05** Serena

## RÚV

**16.55** Með okkar augum
**17.25** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.13** Klaufabárðarnir
**18.21** Lautarferð með köku
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Lifrarsjúkdómar á Íslandi
**20.35** Kiljan
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Serena
**23.55** Kastljós og Menningin
**00.15** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** The Great Indoors
**14.25** Crazy Ex-Girlfriend
**15.10** America's Funniest Home Videos
**15.35** The Biggest Loser - Ísland
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Survivor
**21.00** Chicago Justice
**21.45** The Handmaid's Tale
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** APB
**02.35** The Catch
**03.20** Nurse Jackie
**03.50** Chicago Justice
**04.35** The Handmaid's Tale
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





GREY'S ANATOMY
KL. 20:20
Glæný og stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá flóknara.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

JAMIE'S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:30
Stórskemmtilegir og hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



WENTWORTH
KL. 21:45
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.






CRASHING
KL. 23:15
Hressilegir gamanþættir frá HBO sem gerast í New York og fjalla um hinn seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf og ná sér á strik eftir að eiginkonan yfirgefur hann. Hann ákveður að gerast uppistandari með mjög misjöfnum árangri.

COLD CASE
KL. 22:25
Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.**
**365.is**

KitchenAid

# HRÆRÐU TIL GÓÐS!



**10.000 krónur** af öllum seldum **KitchenAid** hrærivélum
í október renna til Krabbameinsfélagsins.

---

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ




MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu

GMP



**Hrafnhildur Ólafsdóttir** starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni

*„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofið betur í mörg ár.“*

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM
balsam.is




vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**Það er fátt fallegra en haustlitirnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Haustið er besti tími ársins

Flestum finnst sumarið besti tíminn og fara alveg í kerfi þegar haustið mætir til að boða komandi vetur. Myrkur, kuldi og alvaran tekur við. En hér verður farið yfir af hverju þetta er besti tíminn.

## Haustlitirnir

Hvað er fallegra en haustlitirnir? Ljósmyndarar flykkjast út í hrönnum til að mynda laufin, auk þess sem varla finnst skemmtilegri stemming en við það að ganga úti undir trjám á meðan laufum rignir niður í kringum mann. Blaðamaður þarf að halda aftur af sér til að henda ekki í eitt ljóð hérna, svo áhrifarík er haustfegurðin. Sumarið á ekkert í þetta.



## Besti tími ársins til að borða og drekka

Á sumrin borðar maður til að fullnægja grunnþörfunum og reynir að drífa sig sem allra mest við eldamennskuna og borðhaldið til þess að komast aftur út í sólina, en á haustin er það miklu meiri athöfn sem fær meira pláss í lífi fólks. Hægeldaðar kássur sem halda hita í köldum beinum, borðaðar undir teppi við kertaljós. Einnig má minnast á það að haustið er upphaf bætingatímabilsins hjá ræktarförum – hið svokallaða „bulk season“. Líkamsræktarfólk fer í það að byggja upp vöðva fyrir næsta sumar og þá er haustið ákveðin hátíð þar sem hinum hræðilega niðurskurði lýkur. Heitir drykkir eru normið og einhverjir missa sig yfir graskerskaffidrykkjum sem detta inn á markaðinn.



## Sjónvarpið verður gott aftur

Enginn horfir á sjónvarpið á sumrin og því er ekkert í sjónvarpinu á sumrin. Með haustinu koma nýjustu þættirnir á dagskrá og hellingur af ferskum sjónvarpsefni til að horfa á – auk þess detta allir uppáhaldsþættirnir aftur í gang og loksins fær maður að sjá hvað gerist eftir unaðslega pirrandi „cliffhanger“ síðasta þáttar.

## Veðursamviskubitið af dagskránni

Veðursamviskubitið yfirgefur loksins hugi okkar Íslendinga og við getum hætt að finnast við þurfa að vera úti hverja einustu mínútu hvers dags. Skyndilega opnast nýr heimur af hangsi og fyrir allar eðlilegar manneskjur sem sækja í hita, þægindi og öryggi er það auðvitað alveg geggjað.

## Veðrið hættir að valda vonbrigðum

Með veðursamviskubitinu fer líka þessi erfiða vonbrigðatilfinning sem fylgir alltaf íslenska sumrinu. Sumarið er aldrei nógu gott, hver rigning er eins og persónuleg árás frá almættinu og allir kvarta og kveina nánast stanslaust. Á haustin er veðrið milt, það er kannski kalt, líklega rigning, kannski smá gola – en það kemur engum á óvart. Snjórinn er ekki enn kominn og því er í raun allt eins og að sumri til nema bara örlítið kaldara og enginn ósáttur við það.

## Fötin koma upp úr kössunum



Á haustin er loksins hægt að byrja að klæðast meirihluta fataskápsins aftur. Við Íslendingar eigum bara örfáar flíkur sem gætu talist sumarföt en meirihlutinn er auðvitað einhverjar hnausþykkar úlpur og önnur útivistarföt sem er aldrei hægt að vera í á sumrin. Karlmenn eru í stöðugum vandræðum með að geyma draslið sitt í sportlegu stuttbuxunum en hafa núna svona 20 vasa til að velja úr.

## Samanlögð áhrif haustsins

Ef þessu er öllu splæst saman er haustið nánast besti tími ársins: Við getum, án þess að okkur líði illa eða verið með nokkurt samviskubit, hangið inni allan daginn í þykkri úlpu eða undir teppi, borðað skál af löðrandi feitri og kaloríuríkri kássu með kaffi- eða kakóbolla við höndina að horfa á ótrúlegan fjölda glænýrra og ferskra sjónvarpsþátta og kaupa glæný og hnausþykk föt á meðan svo að við þurfum aldrei að fara út úr húsi nema rétt svo til að kíkja á laufin. **stefanthor@frettabladid.is**



## Frægir í nærmynd
## Kaia Gerber

**Fullt nafn:** Kaia Jordan Gerber
**Fæðingardagur:** 3. september 2001
**Foreldrar:** Ofurfyrirsætan Cindy Crawford og athafnamaðurinn Rande Gerber

Hin 16 ára Kaia Gerber er ein vinsælasta fyrirsætan um þessar mundir en hún á ekki fyrirsætuhæfileikana langt að sækja. Móðir hennar er nefnilega engin önnur en Cindy Crawford og pabbi hennar er athafnamaðurinn Rande Gerber sem hefur einnig tekið að sér nokkur fyrirsætuverkefni í gegnum tíðina.

Kaia þykir afa lík mömmu sinni í útliti og þær hafa nokkrum sinnum unnið saman. Til dæmis prýddu þær forsíðu franska Vogue saman í apríl í fyrra.

Þrátt fyrir ungan aldur er Kaia reynslubolti þegar kemur að fyrirsætustörfum en hún landaði fyrsta stóra verkefninu þegar hún var aðeins 10 ára gömul, þá sat hún fyrir í herferð fyrir Versace. Síðan þá hefur hún birst á síðum ótal tískublaða og gengið tískupalla fyrir nokkra helstu hönnuði heims.

Kaia Gerber er sögð vera í miklu uppáhaldi hjá Karl Lagerfeld, yfirhönnuði Chanel, þessa stundina en hún opnaði tískusýningu hans í París í gær og vakti þar mikla lukku.

Kaia er svo aðeins byrjuð að reyna fyrir sér í leiklistinni en hún fór með lítið hlutverk í myndinni Sister Cities frá árinu 2016.

# Heitt kakó fyrir haustið



**UPPSKRIFT**

3 bollar mjólk
Ein kanilstöng
Einn rauður chili, skorinn í þrennt
150 grömm dökkt súkkulaði
Þeyttur rjómi
Kanill, til skrauts

**Aðferð:**
**Hitið mjólkina, kanilstöngina og chili-inn í potti á miðlungs hita í um 6 til 8 mínútur eða þangað til suða kemur upp. Setjið til hliðar í 10 mínútur.**
**Sigtið í nýjan pott og hitið á ný, í 3 til 4 mínútur (ekki leyfa suðunni að koma upp). Lækkið í hitanum. Bætið súkkulaðinu út í og þeytið þangað til að blandan verður kekkjalaus. Hellið í glös. Skellið þeyttum rjóma ofan á og stráið kanil yfir.**

## ALÞINGISKOSNINGAR
## 28. OKTÓBER 2017

**Auglýsing frá yfirkjörstjórnum Reykjavíkurkjördæma norður og suður um móttöku framboðslista og aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag**

**Framboðsfrestur til alþingiskosninga 28. október 2017 rennur út föstudaginn 13. október kl. 12 á hádegi.**

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður taka á móti framboðslistum **miðvikudaginn 11. október kl. 15-17 og aftur föstudaginn 13. október kl. 10-12** í fundarherbergi borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu.

Á framboðslista skulu vera nöfn 22 frambjóðenda. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi á tölusettum blaðsíðum. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 330 að lágmarki og 440 að hámarki.

Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir strikast nafn kjósandans út í báðum/öllum tilvikum. Loks skal fylgja framboðslista skrifleg og undirrituð tilkynning frá frambjóðendum listans um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Allar framangreindar yfirlýsingar skulu ritaðar eigin hendi og frumritum skilað til yfirkjörstjórnar.

Eyðublað fyrir framboðslista og umboðsmenn má nálgast á **www.landskjor.is.**

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Mælst er til að framboðslistum verði einnig skilað á rafrænu formi og meðmælendalistar skráðir rafrænt á þar til gert vefsvæði á **www.island.is.**

Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 28. október nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem talning atkvæða mun fara fram að kjörfundi loknum. Aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður verður í Hagaskóla og að kjörfundi loknum fer talning atkvæða fram í Hagaskóla.

Nánari upplýsingar má nálgast á **www.kosning.is** eða með því að hafa samband við skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4700 eða með tölvupósti á **kosningar@reykjavik.is.**

*Reykjavík, 2. október 2017*

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður**
Erla S. Árnadóttir
Andri Björgvin Arnþórsson
Eldar Ástþórsson
Leifur Valentín Gunnarsson
Páll Halldórsson

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður**
Sveinn Sveinsson
Heimir Örn Herbertsson
Hilda Cortez
Bergþóra Ingólfsdóttir
Sunna Rós Víðisdóttir





www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is



VANRÆKTU EKKI VIÐHALDIÐ!
STÁL OG STANSAR | SÍMI: 517-5000 | VAGNHÖFÐI 7 | STALOGSTANSAR.IS
Stál og Stansar



**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**


LÍNAN
BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16





**Marilyn Manson og Yoshiki mæta til frumsýningar myndarinnar þegar hún var sýnd í Kína. Þeir félagar eru miklir vinir og hafa eytt þó nokkrum tíma saman í stúdíói og vonast aðdáendur þeirra eftir einhverri snilld.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Stærsta rokkstjarna Japana til landsins

**Yoshiki** úr rokkhljómsveitinni X Japan, verður viðstaddur frumsýningu heimildarmyndarinnar We are X í Bíói Paradís en myndin er gerð af þeim sömu og gerðu Óskarsverðlaunamyndina Searching for Sugarman og hina frábæru One day in September.

Japanska súperstjarnan Yoshiki mun stoppa á Íslandi til að vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar We are X í Bíói Paradís 21. október. Yoshiki er á miklu ferðalagi um Evrópu til að kynna myndina sem hefur fengið gríðarlega góða dóma. Myndin var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í fyrra og hlaut verðlaun fyrir klippingu auk þess sem hún fékk lofsamlega dóma.

Stephen Kijak gerir myndina en framleiðandi er Passion Pictures sem gerði heimildarmyndirnar One day in September, sem fjallaði um morðin á 11 ísraelskum íþróttamönnum á Ólympíuleikunum 1972 í München og Searching for Sugarman sem sagði ótrúlega sögu Sixto Rodriguez.

Hljómsveitin X Japan hefur selt yfir 30 milljónir platna, og uppselt var á alla 18 tónleika hennar í Tokyo Dome tónleikahöllinni sem tekur rúmlega 55 þúsund manns í sæti.

Yoshiki er klassískt lærður píanóleikari, trommuleikari og sköpunarkrafturinn á bak við hljómsveitina, sem spilar sjónrænt rokk sem Japanir kalla Visual Kei, kemur frá honum.

Myndin fjallar að mestu um Yoshiki og ævi hans þótt einnig sé að sjálfsögðu rætt við hina meðlimina í hljómsveitinni. Saga hans einkennist af bæði sorg og gleði en faðir hans framdi sjálfsmorð þegar hann var aðeins 10 ára, tveir hljómsveitarmeðlimir féllu einnig fyrir eigin hendi og þá hefur hann þurft að fara í aðgerðir og glímir við gríðarlegan astma.

Hann birtist á forsíðu Vogue í októberútgáfu tímaritsins en það er í fyrsta sinn í 18 ára sögu þess sem karlmaður prýðir forsíðuna.

Yoshiki og söngvarinn Toshi stofnuðu X árið 1982. Þrátt fyrir að hafa reynt að finna annað nafn á hljómsveitina þá einfaldlega kom það ekki og því var ákveðið að halda nafninu. Hljómsveitin er nýbúin að ljúka við heimstúr þar sem alls staðar var uppselt.

**benediktboas@365.is**


**Yoshiki við komuna á Golden Globe-verðlaunahátíðina en hann samdi stefið fyrir hátíðina í tilefni af 70 ára afmæli hennar.** NORDICPHOTOS/GETTY

**YOSHIKI ER KLASSÍSKT LÆRÐUR PÍANÓLEIKARI, TROMMULEIKARI OG SKÖPUNARKRAFTURINN Á BAK VIÐ HLJÓMSVEITINA KEMUR FRÁ HONUM.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Gæði skipta okkur höfuðmáli

Ölgerðin biðst afsökunar á því að hafa sent frá sér vöru sem uppfyllti ekki væntingar neytenda þrátt fyrir stranga gæðastaðla. Eftir að tilkynningar bárust um slys af völdum tappa sem skutust af við yfirþrýsting, innkallaði Ölgerðin alla ferska safa og tók út af markaðnum. Frá þeim tíma hefur starfsfólk fyrirtækisins unnið hörðum höndum að því að grandskoða framleiðsluferli safans, geymslu, dreifingu og umbúðir til að reyna að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Floridana safar eru nú komnir aftur á markað með nýrri tegund tappa. **Nýju tapparnir eru með sérstakar afloftunarraufar sem gera umbúðirnar öruggari en þær voru áður.** Þá hefur merkingum á flöskunum verið breytt til að undirstrika að ferskir Floridana safar í flöskum eru kælivara og ber að meðhöndla sem slíka. Safi utan kælis getur gerjast og þannig myndað yfirþrýsting sem ber að fara gætilega með.







Floridana safar í flöskum eru kælivara og því ferskari og bragðbetri, enda framleiðsluferlið frábrugðið því sem notast er við í gerð fernusafa. Fernusafar eru framleiddir undir lofttæmi og því er geymsluþol þeirra mun meira. Að sama skapi er flöskusafinn ferskari, í bestu gæðum sem völ er á, og því þarf ávallt að geyma hann í kæli.

**Gæði skipta okkur höfuðmáli og Ölgerðin mun aldrei gefa eftir í þeim efnum.**

**Það er okkar loforð.**

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

## Nýr áfangastaður

# ÞAÐ ER DRAUMUR AÐ VERA Í DUBLIN



**Gimsteinn á eyjunni grænu**

Það er dálítið eins og að stíga inn í fortíðina að koma til Dublin. Feta fagrar götur gamla bæjarins í fótspor Yeats og Joyce, drekka í sig stemninguna og tónlistina á ekta írskum pöbb, njóta sögu og frábærra safna – að ógleymdum öllum skemmtilegu verslununum í þessari vinalegu borg.

Flug til Dublin hefst 8. maí 2018 og flogið verður allt árið um kring 6 sinnum í viku. Sala farmiða er hafin.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85534 10/17

ICELANDAIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar



## Grjót í vösum

Á sunnudagskvöldið sem leið fékk þjóðin að sjá leikritið Með fulla vasa af grjóti í beinni útsendingu RÚV. Það sem gaf sýningunni aukna vigt var sú staðreynd að annar leikarinn, Stefán Karl Stefánsson, heyir þessa daga harða baráttu við krabbamein.

Við erum að lifa undarlega tíma. Veröldin virkar eitthvað svo laus á límingunum. Til viðbótar við loftslagsbreytingar af mannavöldum og hryðjuverkafár er allt í einu komin upp kjarnorkuvá sem enginn skilur neitt í, en ferskum skammti af ótta er dælt inn í taugakerfi mannkyns. Hér heima læsir svo kvíðinn klóm sínum í þjóðarsálina í miðju góðæri með flóðum, hrottaglæpum og upplausn í stjórnmálum. Í þessu ljósi var ég þakklátur sýningu þeirra Stefáns Karls og Hilmis Snæs því hún fjallar um það að hafa stjórn á sjálfum sér og gera það sem í valdi manns stendur sem persóna. Ríki rísa og hníga, hugmyndakerfi skína og blikna, voðaverk eru unnin og stjórnskipulag er á stöðugri hreyfingu en persónur virðast geta verið nokkuð stöðug fyrirbæri. Fb-statusinn sem Stefán Karl skrifaði fyrir sýningu þeirra félaga ættu allir að lesa. Hann er kennsla í því hvernig hægt er að lifa fallega við erfiðar aðstæður og óvissu. Sjálft leikritið fjallar um steinana í vösum okkar, gremjuna sem við burðumst með og skömmina sem kvelur okkur þar til við tökum grjótið og leggjum það frá okkur með ábyrgum hætti. Stefán Karl er að sýna okkur það sama og skáldið Sigurður Pálsson gerði í sínum veikindum, að það er í lagi að vera berskjölduð manneskja. Ef allt fer á besta veg í lífi mínu mun ég dag einn veikjast og síðan deyja. Hvernig nota ég dagana sem ég fæ? „Kenn oss að telja daga vora að vér megum öðlast vitturt hjarta“ stendur í gamalli bók.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland









*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS